



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um
þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022,
þingskjal 533 -402. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands fékk **ekki** til umsagnar þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 þrátt fyrir að bandalagið sé heildarsamtök fatlaðs fólks, langveikra og aðstandenda þeirra. Undir regnhlíf ÖBÍ eru 41 aðildarfélag, sem telja um 29 þúsund félagsmenn eða 9% íslensku þjóðarinnar.

Frestur til að skila inn umsögn var allt of stuttur og innan þess tíma voru nokkrir lögbundnir frídagar. Þá er forkastanlegt að þjóðinni skuli vera boðið upp á að veita jafn mikilvægri áætlun umsögn á jafn stuttum tíma. Þingsályktunartillagan er eðli málsins samkvæmt mjög viðamikil (363 blaðsíður) og nauðsynlegt er því að veita lengri tíma til skoðunar og umsagnar. ÖBÍ sendi inn styttri útgáfu af umsögn, dags. 27.4.2017, með fyrstu viðbrögðum bandalagsins við fjármálaáætluninni en þar voru einnig settar fram breytingartillögur við áætlunina.

Hægt er að lesa út úr fjármálaáætlunni að fjárhagsstaða ríkissjóðs sé mjög góð. Að sama skapi er ekki hægt að sjá að nýta eigi hina góðu fjárhagsstöðu til að bæta stöðu fólks sem býr við kröpp kjör eða fátækt svo sem vegna fötlunar, sjúkdóma, slysa eða atvinnuleysis. Fjármunum ríkisins er ekki forgangsraðað til þeirra sem sárast þurfa á þeim að halda.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), sem var fullgiltur síðasta haust, var leiðarljós í vinnu við umsögnina og þær breytingartillögur sem settar eru fram. Lagt er til að fjármagn fari sérstaklega til innleiðingar samningsins í íslenskan rétt, þar sem lagt verður upp með það skýra markmið að lögfesta samninginn. Þá er farið fram á að frekara fjármagn verði tryggt með fjármálaáætluninni svo réttur fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs verði að veruleika. Áætlað fjármagn til lögfestingar notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) er ekki nægilegt og skrefin verða að vera stærri og virkari.

ÖBÍ leggur til að útgjöld til heilbrigðismála verði stóraukin. Á það sérstaklega við um uppbyggingu þjónustu og innviða, og að unnið skuli að því að heilbrigðisþjónusta verði gjaldfrjál.

Í umsögninni eru enn fremur lagðar til breytingar á fjármálaáætluninni er varða hina ýmsu málaflokka.

Efnisyfirlit

1. Almennar athugasemdir.....	6
Ísland ríki mannréttinda?	6
Mannréttindasambætting.....	6
Tillaga um breytingu:.....	7
Samráðsskylda samkvæmt alþjóðalögum	7
Tillaga að breytingu.....	7
Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála.....	7
Tillaga að breytingu:.....	8
Viðmið í lögum og reglugerðum	8
Tillaga að breytingu:.....	8
2. Dómstólar	8
Tillaga að breytingu:.....	9
3. Æðsta stjórnarsýsla	9
Tillaga að breytingu:.....	9
4. Aðgengismál	10
Aðgengi að opinberum stofnunum.....	10
Tillaga að breytingu:.....	10
Aðgengiseftirlit	10
Tillaga að breytingu:.....	10
Textun í sjónvarpi.....	10
Tillaga að breytingu:.....	10
5. Utanríkismál.....	10
Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.....	10
Tillaga að breytingu:.....	11
Valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	11
Tillaga að breytingu:.....	11
Aðrir mannréttindasamningar	11
Tillaga að breytingu:.....	12
Þróunarsamvinna.....	12
Tillaga að breytingu:.....	13
6. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks	13
Tillaga að breytingu:.....	13
7. Heilbrigðismál	13

Tillaga að breytingu:.....	13
Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu.....	14
Tillaga að breytingu:.....	14
Tannlækningar, sálfræðiþjónusta og lyf.....	14
Tannlækningar	15
Tillögur um breytingar:.....	15
Sálfræðiþjónusta.....	16
Tillaga að breytingu:.....	16
Sjúkrahúsþjónusta	16
Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	16
Tillaga að breytingu:.....	16
Lyf.....	17
Tillaga að breytingu:.....	17
Hjálpartæki	17
Tillögur að breytingum:.....	18
Viðgerðarþjónusta á hjálpartækjum	18
Tillögur um breytingar:.....	18
Lýðheilsa og stjórnsýsla heilbrigðismála	18
Tillaga að breytingu:.....	19
8. Almannatryggingar.....	19
Boðuð hækkun 7 til 13 þúsund krónur fyrir skatt.....	20
Einungis 288 þúsund krónur árið 2022	21
Kaupmáttaraukning samkvæmt Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.....	22
Víðtæk krafa og samstaða um afnám krónu á móti krónu skerðingar	23
Tillaga að breytingu:.....	24
Reglugerðarákvæði kemur í veg fyrir að öllum lífeyrisþegum sé tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu - 50 manns með undir 80 þúsund á mánuði.....	24
Tillaga að breytingu:.....	24
Desember- og orlofsuppbætur	24
Tillögur að breytingum:.....	25
Samspil „bótakerfis“, skattkerfis og annarra tekna, s.s. launa.	26
Stefnt að auknum tekjuskerðingum næstu árin	26
Einföldun kerfisins þarf ekki að þýða auknar skerðingar og minni hvata til atvinnuþátttöku.....	27
Víxlverkun milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða	28

Tillaga að breytingu:.....	28
9. Hugmyndir um innleiðingu starfsgetumats.....	28
Tillaga að breytingu:.....	30
10. Húsnæðismál.....	30
Kaupmáttaraukning nær engin.....	30
Örorkulífeyrisþegum í eigin húsnæði fækkar.....	30
Lágtekjufólk fer á mis við vaxtabætur.....	31
Tillaga að breytingu:.....	31
Hlutfallslega fleiri örorkulífeyrisþegar á leigumarkaði.....	31
Mikil hækkun leiguverðs.....	31
Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður.....	32
Húsnæðisbætur.....	32
Tillaga að breytingu:.....	32
Nær ómögulegt fyrir örorkulífeyrisþega að kaupa eigið húsnæði.....	32
Úrræði til kaupa á húsnæði nýtast ekki öryrkjum.....	33
11. Sveitarfélög og byggðamál.....	33
Sjálfstætt líf.....	33
Tillögur að breytingum:.....	34
12. Menntun.....	34
Tillaga að breytingu:.....	35
Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig.....	35
Tillaga að breytingu:.....	36
13. Vinnumarkaður og atvinnuleysi.....	36
14. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.....	37
Tillögur að breytingum:.....	37
Barnabætur.....	37
Tillaga að breytingu:.....	38
Endurskoðun barnabótakerfisins.....	38
15. Grunnskrár og upplýsingamál.....	38
Tillaga að breytingu:.....	38
16. Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál.....	38
Tillaga að breytingu:.....	39
Að lokum.....	39

1. Almennar athugasemdir

Ísland ríki mannréttinda?

Í september síðastliðnum fullgilti Íslenska ríkið samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Með fullgildingunni gengst Íslenska ríkið við þeim skyldum að virða, vernda og tryggja fötluðu fólki þau lágmarksréttindi sem samningurinn kveður á um. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á Íslenskum lögum, reglum, stjórnsluframkvæmd og þjónustu til að tryggja að þær kröfur sem samningurinn kveður á um verði uppfylltar. Fjármálaáætlunin hefði átt að endurspeglu þá staðreynd að Íslenska ríkið er orðið aðili að samningnum og þeim skyldum sem í honum felast. Á mjög fáum stöðum er vísað til samningsins og því er ekki að sjá að grípa eigi til nægilegra aðgerða til þess að tryggja fötluðu fólki þau lágmarksréttindi sem SRFF gerir kröfu um.

Öll fjárlög og fjármálaáætlanir, sem grundvallarskjöl um fjárútlát ríkissjóðs, verða að vera samþætt mannréttindum allra, þar á meðal fatlaðs fólks. Þær áætlanir sem fram koma í fjármálaætluninni verða að taka mið af því.

Þegar ríki hafa undirgengist skuldbindingar samningsins ber þeim m.a. skylda til að tryggja efnisatriði samningsins í virkum skrefum (e. progressive realisation). Skrefin verða að tryggja fólki raunverulegar réttarbætur. Margt af því sem hér kemur fram á eftir kallar ekki á mikil fjárútlát ríkissjóðs en getur skipt sköpum fyrir líf margra.

Í samningnum felst viðurkenning á því að fatlað fólk hefur verið jaðarsett í gegnum árin. Í honum fellst einnig viðurkenning ríkja á því að allir séu jafnir fyrir lögum og er mismunur á grundvelli fötlunar því brot á samningnum. Í málefnum fatlaðs fólks kallar þetta á sérstakar aðgerðir ríkisvaldsins sem er skuldbundið til þess að tryggja jafnræði og samfélagsþátttöku með aðgerðum, breytingum á lögum og framkvæmd sinni. Með ákveðinni einföldun má segja að með samningnum fylgi viðurkenning á því að samfélagið skuli aðlaga sig að margbreytileika fatlaðs fólks. Ríkjum ber að tryggja að allir aðilar veiti fötluðu fólki viðeigandi aðlögun. Jafnframt telst neitun á viðeigandi aðlögun vera brot á SRFF og Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur er hér á landi. Brot á jafnræði fólks, það er með því að neita fólki um viðeigandi aðlögun telst þar með brot á lögfestum rétti hér á landi.

Hér á eftir koma ábendingar og tillögur um hvernig efnisleg innleiðing samningsins skuli tryggð í fjárlögum sem og öðrum lögum.

Mannréttindasamþætting

Kynjuð fjárlagagerð – fötluð fjárlagagerð

Samkvæmt kafla 4.7 um kynjaða fjárlagagerð er unnið eftir fimm ára áætlun þar sem áhersla er lögð á að færa kynjaða fjárlagagerð nær ákvörðunarferli varðandi forgangsroðun í tekjuöflun og útgjaldastýringu sem þýðir að líta verður til kynjasjónarmiða við ákvörðunartöku um öflun og ráðstöfun opinbers fjár. Meginþættir áætlunarinnar lúta að gerð jafnréttismats á frumvörpum, kyngreiningu tölfræðigagna, verkefnavinnu og fræðslu og samstarfi. Jafnframt segir um fimm ára áætlun að unnið sé að því að tengja kynjaða fjárlagagerð við stefnumótunarvinnu málefna sviða sem eru 34 talsins og málaflokkarnir 100 talsins.

Mikið fagnaðarefni er að kynjajafnrétti sé fylgt eftir með jafn ríkulegum hætti og að framan greinir. Að sama skapi er hér bent á að jafnrétti er víðtækara hugtak en það að það nái einungis til kvenna og karla. Jafnréttishugtakið á, samkvæmt eðli sínu, við um alla. Mannréttindi fatlaðs fólks varða einnig öll svið mannlífsins. Framsetning á jafnréttishugtakinu í kaflanum gefur því ekki fullnægjandi mynd af því. Jafnréttismat á frumvörpum til laga ásamt öðru því verklagi sem tilgreint er í kaflanum ætti að varða stærri hóp samfélagsins og þar með talið fatlað fólk. Verklagi sem lýst er varðandi sambættingu jafnréttis kynjanna í alla fjárlagagerð ætti að yfirfæra yfir á fötlunarbreytuna og ætti það að vera einfalt verk. Þörfin á sértækum aðgerðum er síst minni þegar kemur að fötluðu fólki.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að tekið verði upp sambærilegt verklag og nefnt er í kafla 4.7, til þess að tryggja sambættingu mannréttinda fatlaðs fólks í fjárlagagerðinni.

Samráðsskylda samkvæmt alþjóðalögum

Í 3. mgr. 4. gr. SRFF er kveðið á um að aðildarríki verði að vinna náið með fötluðu fólki og hagsmunasamtökum þess við allar ákvarðanir og stefnumótun sem varða fatlað fólk. Ísland varð aðili að samningnum í september síðastliðnum. Með fullgildingu samningsins skuldbatt Ísland sig til þess að hafa náið samráð við hagsmunasamtök við gerðir áætlana, það telst brot gegn greininni þegar hagsmunasamtök eru látin vita seint í ferlum og einnig þegar athugasemdir samtaka eru að engu hafðar¹. Augljóst ætti að þykja að áætlun sem þessi hefði átt að vinna í samráði við hagsmunasamtök. Ekki er að finna í áætluninni um að slíkt hafi verið gert við gerð hennar.

Það kemur á óvart enda kemur fram í fjármálaáætluninni sjálfri að mikilvægt sé að hafa víðtækt samráð við hagsmunasamtök og almenning. Þar kemur með skýrum stöfum fram að afleiðing samráðs er aukið aðhald og betri ákvarðanatataka (bls. 87).

Tillaga að breytingu

Stjórnvöld skulu ávallt, við alla sína áætlanagerð, fara eftir 3. mgr. 4. gr. SRFF í framtíðinni.

Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála

Réttur til stjórnmalapáttöku er verndaður í 29. gr. SRFF. Svo virðist sem lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, séu ekki fyllilega í samræmi við samninginn. Í 3. mgr. 63. gr. laganna er t.d. kveðið á um að fatlaður einstaklingur eigi rétt á að fá aðstoðarmann „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“. Í ljósi þessa er þörf á því að kosningalöggjöfin verði endurskoðuð til þess að tryggja samræmi við samninginn. Ekki er að sjá í áætluninni að taka skuli mið að því að SRFF geti kallað á aukin útgjöld í þessu samhengi.

¹ Jukka Kumpuvuori og Riku Virtonen: *Are we Right or are we Right?: „Right approach“ in the Advocacy work of Organisations of persons with disabilities.* Disability Law and Policy. An Analysis of the UN Convention. 2017, bls. 55-65.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði lagt til þess að endurskoða kosningalöggjöfina með tilliti til SRFF.

Viðmið í lögum og reglugerðum

Ekki virðist vera nein regla til í stjórnkerfinu um hvenær gjaldskrár og fjárhæðir laga og reglugerða eru uppfærðar. Uppfærslur hafa verið mjög óreglulegar og viðmið sumra laga og reglugerða hafa ekki verið uppfærð um margra ára skeið.

Nefna má að viðmiðunargjaldskrá tannlækninga var uppfærð síðast árið 2004, en reglugerð frá 2013 sem átti að tryggja örorkulífeyrisþegum og öldruðum endurgreiðslu var ófjármögnuð. Það felur í sér að örorkulífeyrisþegar, langveikir og aldraðir hafa um árábil einungis fengið greitt brot af þeim greiðslum sem þeir hafa átt rétt á. Endurgreiðslur fara því sífellt lækkandi með hækkandi verðlagi í samfélaginu.² Annað dæmi eru frítekjumörk vegna tekna skv. lögum um almannatryggingar og tekjuviðmið í lögum um félagslega aðstoð fyrir uppbætur á lífeyri³, sem greiddar eru vegna ýmiss kostnaðar s.s. lyfja, heyrnartækja og súrefnissíu.

Í fjármálaáætlun er ekki að sjá merki um áætlanir stjórnvalda um að uppfæra ofangreind viðmið og koma þeim í fastar skorður með reglulegum uppfærslum.

Tillaga að breytingu:

Fjárhæðir reglugerða verði uppfærðar 1. janúar nk. og verði framvegis sjálfkrafa uppfærðar út frá sömu viðmiðum í byrjun hvers árs. Breytingarnar verði sýnilega fjármagnaðar í fjármálaáætlun og fjárlögum hvers árs.

2. Dómstólar

Aðgangur að réttarvörslukerfinu [aðgengi að réttlæti] (e. access to justice) er verndað í 13. gr. SRFF. Í kafla 2 um dómsmál er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að á Íslandi njóti borgarar réttaröryggis og grundvallarmannréttinda, að traust ríki til dómstóla með því að tryggja að aðgangur að því sé greiður og málsmeðferð réttlát, sem og að tryggja öryggi almennings, gagna og upplýsinga. Jafnframt að aðgengi að dómstólum sé greitt. Aðgengi að réttlæti felst m.a. í því að fatlað fólk geti leitað til dómstóla með úrlausnarefni og fái viðeigandi aðlögun til þess að fá úr málum sínum skorið. Á Íslandi er staðan sú að margt fatlað fólk, þá sérstaklega fólk með proskahömlun eða geðsjúkdóma, sem leitar til dómstóla með mál til úrlausna nýtur ekki sama vafa og ófatlað fólk og er í mörgum tilvikum ekki talið trúðverðugt. Þá hefur fatlað fólk ekki fengið viðeigandi aðlögun til þess að geta sótt rétt sinn. Viðeigandi aðlögun getur meðal annars verið að tryggt verði að allt efni sé aðgengilegt og skýrt fyrir fatlað fólk. Einnig þarf að tryggja að mat á trúverðugleika fatlaðs fólks innan dómskerfisins verði skoðað. Mikilvægt er að fræðsla fari fram innan dómskerfisins varðandi mismunandi hópa fatlaðs fólks og hvernig megi bæta aðgengi þeirra að

² <http://www.althingi.is/skodalid.php?lthing=145&lidur=lid20160822T152338>

³ 1. mgr. 9. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.

dómskerfinu. Ekki er að sjá innan kaflans um dómstóla að fara eigi í vinnu til að tryggja að allt kerfið verði í samræmi við SRFF.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði tryggt í fjárlögum svo aðgengi allra, óháð fötlun, sé að dómstólum og réttlæti. Meta verði hvort þörf sé á því að endurskoða framkvæmd og útgáfu efnis í ljósi fullgildingar SRFF.

3. Æðsta stjórnarsýsla Ríkisstjórn og fjármálaráðuneyti

Í texta fjármálaáætluninnar kemur fram að forsætisráðuneytinu beri að vinna að frampróun faglegra og vandaðra verkferla þvert á ráðuneyti, svo sem á sviðum stjórnarfars, löggjafarmála, stefnumótunar, áætlanagerðar og verkefnastjórnunar.

Í þessu samhengi er mikilvægi mannréttindasambættingar ítrekað. Þessi vinna verður að miðast að mannréttindum allra þegna. Áður í umsögnum ÖBÍ hefur komið fram að fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kallar á endurskoðun vinnubragða stjórnarsýslunnar. Markmið um bætt vinnubrögð æðstu stjórnarsýslu ættu þar með að kalla á að skoðað verði hvort samningurinn hafi raunveruleg áhrif á vinnubrögðin. Gagnsæi er t.d. ekki mikið þegar texti er óaðgengilegur fyrir fatlað fólk eða á óaðgengilegu formi. Lýðræðislegt aðhald á að koma frá öllum borgurum óháð fötlun. Sem dæmi má nefna er að texti fjármálaáætlunarinnar er almennt óaðgengilegur og sér í lagi fyrir fatlað fólk. Tryggja verður sérstaklega að málefnum fatlaðs fólks verði gert hærra undir höfði í allri vinnu æðstu stjórnvalda. Þá þarf að tryggja gott aðgengi að öllum rafrænum upplýsingum s.s. að heimasíðum opinberra stofananna og fyrirtækja.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að veitt verði fjármagn til að meta hvers konar breytingar á vinnubrögðum, útgáfu, rafrænu aðgengi og framkvæmd hjá æðstu stjórnarsýslu ríkisins þurfi að fara í sbr. skuldbindingar samningsins.

Jafnframt er ítrekað það sem kom fram hér að framan um samráðsskyldu stjórnvalda við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Samráðið verður að vera raunverulegt og náíð, sbr. 3. mgr. 4. gr. SRFF. Á það við um alla lagasmíð, stefnumótun og áætlanagerð sem verður að koma til á fyrri stigum allra mála.⁴ Ekki er að sjá í áætluninni að taka skuli mið af því að SRFF geti kallað á aukin útgjöld í þessu samhengi.

Ekki er að sjá í áætluninni að taka skuli mið af því að SRFF geti kallað á aukin útgjöld í þessu samhengi.

⁴ Jukka Kumpuvuori og Riku Virtonen: *Are we Right or are we Right?: „Right approach“ in the Advocacy work of Organisations of persons with disabilities.* Disability Law and Policy. An Analysis of the UN Convention. 2017, bls. 55-65.

4. Aðgengismál

Aðgengi að opinberum stofnunum

Margar stofnanir ríkisvaldsins eru óaðgengilegar hreyfihömluðu fólki en ríkisvaldinu ber að tryggja öllum einstaklingum jafnræði til þess að geta notið þjónustu og borgaralegrar verndar allra ríkisstofnanna.

Fyrir liggja áætlanir um að bæta úr aðgengi að skrifstofu umboðsmanns Alþingis sem mikil þörf er á svo að hreyfihamlað fólk hafi aðgang að réttlæti og stjórnarsýslu samkvæmt ákvæðum 13. gr. SRFF um aðgang að réttarvörslukerfinu [aðgengi að réttlæti] (e. access to justice). Ekki er gert ráð fyrir að aðgengi að öðrum opinberum stofnunum, eins og Bessastöðum og stjórnarráðsbyggingunni, verði bætt á næstu árum skv. fjármálaáætluninni

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að sérstök greining á aðgengismálum fari fram á öllum stofnunum ríkisvaldsins. Í framhaldi af því skal metið hvort þörf sé á að grípa til sérstakra ráðstafana í ljósi fullgildingar SRFF. Tryggja verður fjármagn til að gera viðeigandi úrbætur.

Aðgengiseftirlit

Lítið sem ekkert eftirlit er með því að ákvæði byggingarreglugerðar um aðgengi fyrir fatlað og hreyfihamlað fólk sé virt eftir að lokaúttekt á mannvirkjum hefur farið fram.

Tillaga að breytingu:

Aðgengiseftirliti verði komið á fót og regluleg úttekt verði gerð á aðgengi að mannvirkjum. Eftirlitið verði í höndum slökkviliðanna á landinu og færi fram samhliða eldvarnareftirliti. Sú lausn er tæknilega einföld í framkvæmd og myndi kostnaðurinn sem hlytist af því fyrst og fremst vera vegna tiltölulega lítillar aukningar starfshlutfalls.

Textun í sjónvarpi

Ekki er gerð krafa í lögum um textun innlends sjónvarpsefnis, sem felur í sér að því er lítið sinnt og er kostnaði kennt um.

Tillaga að breytingu:

Lögum um fjölmiðla verði breytt með ákvæðum um að skylt verði að texta innlent sjónvarpsefni. Settur verði á fót sjóður til stuðnings textunar á innlendu sjónvarpsefni til úthlutunar til íslenskra sjónvarpsstöðva.

5. Utanríkismál

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Í kaflanum um utanríkismál er hvergi getið um hvernig SRFF skuli innleiddur með efnislegum hætti í íslenskan rétt.

Það er mikilvægt að innleiðing á ákvæðum SRFF verði tekin með föstum tókum. Hér er mikilvægi þess að tekið verði, með föstum tókum, á þessu máli af hendi

ríkisvaldsins ítrekað. Dæmin sanna að efnisleg innleiðing samningsins hefur ekki verið með réttum hætti, sbr. breytingar á lögræðislögum sem teljast ekki fyllilega í samræmi við 12. gr. SRFF, en fyrir liggur þingsályktunartillaga um heildarendurskoðun. Það verður því að tryggja að efnisleg innleiðing samningsins verði með réttum hætti.

Horfa skal til þess sem gerst hefur hjá þeim ríkjum sem hafa verið aðilar að samningnum. Alþjóðastofnanir hafa skýrt efnisákvæði samningsins á síðustu árum. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur gefið út almenn álit um tiltekna greinar, fyrir nefndina hafa einnig farið einstaklingsmál sem hafa skýrt skyldur ríkjanna og hefur nefndin veitt tilmæli til einstakra ríkja í skýrslum sínum um framkvæmd samningsins. Dómar mannréttindadómstóls Evrópu og Evrópuþingdómstólsins hafa einnig skýrt skyldurnar á síðustu árum.

Greining á þessum dómum, einstaklingsmálum, skýrslum og álitum er nauðsynleg til þess að efnisleg innleiðing samningsins verði með réttum hætti. Slíka greiningu verður að gera sem fyrst á árinu 2017 og vinna tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum strax í kjölfarið, því tveimur árum frá fullgildingum samningsins skal skýrsla íslenska ríkisins um framkvæmd samningsins liggja fyrir hjá nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Þá er vert að benda á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi náði samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra, sbr. 3. mgr. 4. gr. og 33. gr. SRFF.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að unnið verði að efnislegri innleiðingu samningsins með markvissum hætti. Tryggja þarf fjármagn til þess að ráða a.m.k. þrjá sérfræðinga til innanríkisráðuneytisins til að vinna að greiningu á dómum, álitum, skýrslum og framkvæmd annarra ríkja. Staða þeirra verði tímabundin til þriggja ára. Tryggja verður aðkomu heildarsamtaka fatlaðs fólks að verkefninu.

Valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Þegar SRFF var fullgiltur samþykkti Alþingi að valfrjáls viðauki [valfrjáls bókun] (e. optional protocol) við SRFF skyldi fullgiltur fyrir árslok 2017. Ekki er að sjá á fjárlögum fjármálaáætluninni hvaða fjárútlát fylgja nauðsynlegri vinnu til fullgildingar viðaukans/bókunarinnar .

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn til fullgildingar valfrjálsa viðaukans/bókunarinnar verði tryggt.

Aðrir mannréttindasamningar

Eitt af markmiðum í fjármálaáætluninni um utanríkismál er að fullgilda og staðfesta alþjóðasamninga. Gert er ráð fyrir 20 m.kr. fjárútlátum næstu fimm árin í að styrkja stofnanir, auka virðingu fyrir mannréttindum, fullgilda og staðfesta alþjóðasamninga (bls. 129).

Trúverðugleiki íslenska ríkisins byggist meðal annars á því hvernig ríkinu hefur tekist að fullgilda alþjóðlega mannréttindasamninga. Samkvæmt heimasíðu Sameinuðu þjóðanna er Ísland ekki á meðal þeirra ríkja sem fullgilt hefur flesta mannréttinda-

samninga og bókanir. Íslenska ríkið hefur hvorki fullgilt endurskoðaðan Félagsmálasáttmála Evrópu né Marrakesh sáttmálann sem á að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að útgefnu efni.

Trúverðugleiki Íslenska ríkisins byggist einnig á því hve vel ríkinu gengur að framkvæma skyldur sínar samkvæmt alþjóðasamningum og verða við ábendingum alþjóðastofnana um úrbætur. Íslenska ríkinu hefur verið ítrekað bent á að engin mismununarlöggjöf er á landinu. Ísland sem málsvari virðingar fyrir alþjóðalögum, mannréttindum og jafnrétti verður að bregðast tafarlaust við þessum ábendingum með markvissum úrbótum.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að sett verði nægilegt fjármagn til þess að tryggja að:

1. farið verði eftir tilmælum alþjóðastofnana um að mismununarlöggjöf skuli sett.
2. endurskoðaður Félagsmálasáttmáli Evrópu verði fullgiltur hér á landi.
3. Ísland fullgildi Marrakesh sáttmálann.
4. Ísland fullgildi bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.
5. Ísland fullgildi aðra samninga og bókanir.

Þróunarsamvinna

Markmið íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu taka mið af heimsmarkmiðum Sp. um sjálfbæra þróun, sem m.a. felst í því að draga úr fátækt og stuðla að almennri velferð á grundvelli jafnréttis. Með alþjóðlegri þróunarsamvinnu leitast íslensk stjórnvöld við að uppfylla skyldur sínar sem ábyrg. Heimsmarkmið Sp eru 17 talsins og undirmarkmiðin 169 talsins sem vinna á að næstu 15 árin. Heimsmarkmiðin ná til allra og eru mjög skýr hvað varða málefni fatlaðs fólks og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra, en alls er fötlun eða fatlað fólk nefnt 19 sinnum í heimsmarkmiðunum. Málaflokkar sem m.a. eru nefndir að þurfi að vinna að eru menntun, atvinna, aðgengi, réttlæti, ójanfrétti og upplýsingaöflun gagna. Í fyrsta skipti í sögunni hafa aðildarríki að heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun 2030 viðurkennt með beinum hætti að vinna þurfi með auknum hætti að bættri velferð og jafnrétti fatlaðs fólks. Í kaflanum segir „að í samræmi við 5. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008, með síðari breytingum, skal ráðherra fimmta hvert ár leggja fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fimm ára í senn þar sem fram koma markmið og áherslur Íslands í málaflokknum“. Þá segir að vinna við stefnuna sé yfirstandandi. ÖBÍ harmar að hafa ekki fengið tækifæri til þess að taka þátt í þróun þessarar stefnu. Þá er vert að benda á að þrátt fyrir fullgildindu SRFF er ekki að sjá að tillit hafi verið tekið til 32. gr. samningsins um alþjóðlegt samstarf en í greininni segir að aðildarríki viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs [...] í samvinnu við hlutaðeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks sem m.a. tryggja að alþjóðlegt samstarf, þar með talið alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að nægilegt fjármagn verði veitt til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu svo viðmið SRFV verði höfð að leiðarljósi í öllu alþjóðlegu samstarfi sem Ísland er aðili að.

6. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks

ÖBÍ skilaði ítarlegri umsögn til velferðarráðuneytis í byrjun árs 2017 við þingsályktunartillögu um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.⁵

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að gerð verði raunhæf kostnaðaráætlun samfara framkvæmdaáætluninni þannig að verkefni hennar séu fjármögguð með skynsamlegum hætti svo raunverulegar breytingar geti átt sér stað.

7. Heilbrigðismál

Í fjármálaáætluninni er talað um að heilbrigðismál verði eitt helsta áherslumál ríkisstjórnarinnar á tímabilinu og að útgjöld til heilbrigðismála verði stóraukin. Það rímar við áherslur stjórnarflokkanna fyrir síðustu alþingiskosningar og í stjórnarsáttmála.

Við nánari sýn mun útgjaldaaukningin ekki ná að halda í við fjölgun sjúklinga. Hækkandi lífaldur þjóðarinnar⁶ og gríðarleg aukning ferðamanna⁷ sem veldur auknu álagi á kerfið. Miðað við þessar áætlanir eru kröfur þjóðarinnar um endurreisn heilbrigðiskerfisins ekki í sjónmáli.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að 11% af vergri landsframléiðslu verði varið í félagslegt heilbrigðiskerfi.

Lagt er til að öll heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði gerð gjaldfrjáls á tímabilinu og í áföngum og má líta á þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið í fjármálaáætlun þessari sem fyrsta áfangann. Í næsta áfanga verði tannlækningar, sálfræðiþjónusta, ferðakostnaður vegna heilbrigðisþjónustu ásamt tæknifriðvögunum sett undir kostnaðarpátttökupak sjúklinga og þjónustan verði gjaldfrjáls fyrir lífeyrisþega og börn. Í þriðja áfanga verði allur kostnaður vegna þeirrar heilbrigðisþjónustu sem fellur undir nýtt greiðsluþátttökukerfi greiddur af ríkissjóði. Í fjórða áfanga verði kostnaðarpátttaka vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu sett undir sama þakið og

⁵ Umsögn ÖBÍ við þingsályktunartillögu um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks árin 2017-2021, sjá hér: <http://www.obi.is/static/files/skiol/pdf-skiol/umsagnir/2016/20170901-umsogn-framkvaemdaaetlun.pdf>

⁶ Útgjaldaaukning vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónustu og umönnun aldraðra verður um 10% af VLF á næstu árum samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sbr. bls. 28 í fjármálaáætlun.

⁷ Komum erlendra ferðamanna á heilbrigðisstofnanir fjölgaði um 350% milli árana 2012 og 2016, sbr. bls. 290 í fjármálaáætlun. Árið 2017 er áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sjöfaldur á við íbúafjölda í landinu (<https://www.islandsbanki.is/einstaklingar/markadir/greining/frett/2016/09/07/Buumst-vid-35-fiolgun-ferdamanna-2017/>) og gert er ráð fyrir mikilli aukningu á komandi árum.

heildarkostnaður örorkulífeyrisþega í hvorutveggja lyfja- og heilbrigðiskostnaði verði ekki meira 20.000 krónur á ári og svo koll af kolli.

Greiðslupátttaka í heilbrigðisþjónustu

Í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir 3,3 ma. kr. aukningu til að „...draga enn úr greiðslupátttöku (lesist: kostnaði) sjúklinga á tímabilinu“⁸ innan greiðslupátttökukerfis í heilbrigðisþjónustu sem tekur gildi 1. maí 2017.

Það er gríðarlega mikilvægt að lækka kostnaðarpök sjúkratryggðra. Við gildistöku kerfisins verður kostnaður sjúkratryggðra vegna heilbrigðisþjónustu þrískiptur: Greiðslupátttökukerfi vegna heilbrigðisþjónustu, greiðslupátttökukerfi lyfja og allur heilbrigðiskostnaður sem sjúkratryggðir einstaklingar verða að greiða án þátttöku og niðurgreiðslu hins opinbera. Sá kostnaður er án þaks og getur verið gríðarlega hár. Samanlagt þak fyrir greiðslupátttökukerfin tvö er nú að hámarki 131.700 kr. á ársgrundvelli (62.000 + 69.700) fyrir almenna notendur sem ekki eru með fullan afslátt og 87.467 fyrir aldraða og örorkulífeyrisþega (41.000 + 46.467). Á hinum Norðurlöndunum er kostnaður almennra sjúkratryggðra innan við 90.000 kr. á ári, enda er hlutfall þeirra sem neita sér um nauðsynlega lækniþjónustu mun hærra hér á landi en í nágrannalöndunum.

Greiðslupátttökukerfið byggist nú að mestu leyti á tilfærslu á kostnaði milli sjúklingahópa. Samkvæmt útreikningum Sjúkratrygginga Íslands munu 155.000 einstaklingar/barnafjölskyldur greiða minna eða það sama og áður í nýju kerfi, en 115.000 munu borga meira. Komið hefur fram að það myndi kosta ríkissjóð innan við 7 ma. kr. að gera þá heilbrigðisþjónustu, sem lög um greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu fjalla um, gjaldfrjálsa.⁹

Tekið er undir með kröfu ASÍ um að greiðslupátttökukerfið verði ekki að mestu leyti fjármagnað með hækkun kostnaðar hjá meirihluta notenda og að strax verði staðið við loforð um að hámarkspak almennra notenda í kerfinu verði lækkað úr 69.700 kr. í 50.000 kr. Lögð er áhersla á að kostnaður örorkulífeyrisþega og aldraða, einnig þeirra sem eru á endurhæfingarlífeyri, verði aldrei hærra en sem nemur þriðjung af kostnaði almennra notenda.

Tillaga að breytingu:

Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs vegna nýs greiðslupátttökukerfis í heilbrigðisþjónustu verði 100% á árinu 2018.

Tannlækningar, sálfræðiþjónusta og lyf

Hið opinbera niðurgreiðir ýmsan heilbrigðiskostnað sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt greiðslupátttökukerfi lyfja annars vegar og nýju greiðslupátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu sem tekur gildi 1. febrúar 2017 hins vegar. Þó er margvíslegur nauðsynlegur heilbrigðiskostnaður sem einstaklingar þurfa að greiða að fullu sjálfir. Má þar nefna ýmis lyf, sálfræðiþjónustu og tannlækningar.

⁸ Blaðsíða 68

⁹ <http://www.obi.is/static/files/skjol/ppt-glaerur/glaerur-gunnar-alexanders-olafssonar-vegnagreidsluthattoku-obi-april-2016.pptx>

Af því leiðir að fólk neitar sér um þessa þjónustu og á það sérstaklega við um tekjulága einstaklinga. Bein afleiðing af því er alvarlegri sjúkdómar, aukið álag á heilbrigðiskerfið og aukin útgjöld ríkissjóðs.

„Fjórar af hverjum hundrað konum og tveir af hverjum hundrað körlum neituðu sér um þjónustu læknis eða sérfræðings árið 2015 vegna kostnaðar, eða samtals tæplega 8 þúsund manns. Kostnaður er meiri fyrirstaða fyrir tekjulægri hópana en þá tekjuhærri, en 6% fólks í tekjulægsta fimmtungnum fór ekki til læknis vegna kostnaðar á móti rúmlega 1% fólks í efsta tekjufimmtungi.“¹⁰

Tannlækningar

Um 17% Íslendinga í lægsta tekjufimmtungnum fór ekki til tannlæknis árið 2015 vegna kostnaðar.¹¹

Afleiðingar þess að fara ekki til tannlæknis geta verið að fólk missi tennur sem annars væri hægt að bjarga og einnig geta bakteríur í munni farið út í blóðið og valdið hjarta- og æðasjúkdómum. Reglulegar tannlæknavitjanir eru því fyrirbyggjandi gagnvart öðrum sjúkdómum.

Aldraðir og örorkulífeyrisþegar hafa verið hlunnfarnir um endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna þess að viðmiðunargjaldskrá tannlækninga hefur ekki verið uppfærð frá árinu 2003. Það hefur valdið því að fólk hefur aðeins fengið ýmist 19%, 28% eða 43% endurgreitt af þeirri upphæð sem það hefur átt rétt á. Reglugerð sem tryggja átti þessar greiðslur tók gildi árið 2013, en henni hefur ekki verið framfylgt því hún var ófjármögnuð.¹²

Á sama tíma tók gildi samningur við tannlækna um tannlækna­kostnað barna upp að 18 ára aldri, sem einnig var ófjármagnaður en hefur síðan verið innleiddur í áföngum. Árangurinn hefur verið góður og hafa íslensk börn sjaldan eða aldrei haft betri tannheilsu.¹³ Í frumvarpi til fjárlaga 2017 er gert ráð fyrir fjárheimild að upphæð 100 m.kr. vegna tveggja árganga barna. Ekkert spyrst enn til fjárheimilda til að tryggja endurgreiðslur til aldraðra og örorkulífeyrisþega.

Tillögur um breytingar:

Lagt er til að sett verði í forgang að uppfæra viðmiðunargjaldskrá um endurgreiðslu tannlækninga. Reglugerð til að tryggja öldruðum og örorkulífeyrisþegum fullar endurgreiðslur verði að fullu fjármög­nuð frá 1. janúar 2017. Einnig skulu endurgreiðslur uppreiknaðar afturvirk­ og greiddar frá gildistöku reglugerðar nr. 451/2013.

Lagt er til að fjárlögin tryggi fjármagn til þess að fella tannlækningar undir nýtt greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu. Í framhaldinu verði lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 breytt.

¹⁰ https://www.hagstofa.is/media/50202/hag_161212.pdf

¹¹ https://www.hagstofa.is/media/50202/hag_161212.pdf

¹² <http://www.althingi.is/skodalid.php?lthing=145&lidur=lid20160822T152338>

¹³ <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/batnandi-tannheilsa-barna>

Sálfræðipjónusta

Sálfræðipjónusta er sjúkratryggðum einstaklingum afar dýr í dag, enda ekki niðurgreidd af ríkissjóði. Afar margir neita sér því um sálfræðipjónustu við t.d. kvíða, depurð, þunglyndi, svefnleysi eða öðrum röskunum. Afleiðing þess getur verið alvarlegri heilsufarsvandi. Sálfræðimeðferð sem fyrsta íhlutun dregur úr innlögnum á sjúkrahús og getur dregið úr lyfjanotkun. Fleiri gætu haldið starfsgetu sinni og virkni. Bætt aðgengi sjúkratryggðra einstaklinga að sálfræðipjónustu með niðurgreiðslu ríkissjóðs og aukinni sálfræðipjónustu á stofnunum, eins og heilsugæslustöðvum og skólum, er þjóðhagslega hagkvæm og skilar sér ríflega aftur í ríkissjóð. Fyrir kosningar voru allir stjórnarálflokkar sammála um nauðsyn þess að bæta aðgengi að sálfræðipjónustu og nú hafa ríflega 9000 manns skrifað undir áskorun til stjórnvalda þess efnis.¹⁴

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjárlögin tryggi fjármagn til þess að fella sálfræðipjónustu undir greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu. Í framhaldinu verði lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 breytt.

Sjúkrahúsþjónusta

Þegar 8,7 ma. kr. kostnaður vegna byggingar nýs Landspítala, sem hefur legið fyrir lengi, hefur verið dreginn frá, nemur raunaukning málefnasviðsins 7,3 ma. kr. á tímabilinu, eða 9%.

Hækkun framlaga til rekstrar sjúkrahúsþjónustu virðist ekki nægja til að halda í við fjölgun sjúklinga og útlit er fyrir niðurskurð, sem er þvert á öll loforð.

Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Gert er ráð fyrir 4,9 ma. kr. raunaukningu á tímabilinu, eða 11%. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs vegna byggingar þriggja hjúkrunarheimila á árunum 2017-2021 vegur þar langmest.

Aðeins eitt markmið hefur verið skilgreint vegna endurhæfingarrýmis, sem er að lágmarka biðtíma fólks eftir endurhæfingarrými.

Tillaga að breytingu:

Annað markmið verði skilgreint fyrir málaflokkinn, sem er að fjármagna úrræði fyrir fólk sem telst hafa lokið endurhæfingu.

Í 26. gr. SRFF segir:

„Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir, m.a. annars með tilstyrk jafningjaaðstoðar, til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast sem mest sjálfstæði, fulla líkamlega, andlega og félagslega getu, ásamt starfsgetu, og að vera þátttakendur í lífinu á öllum sviðum án aðgreiningar, ásamt því að viðhalda þessum gæðum. Til þess að svo megi verða skulu aðildarríkin

¹⁴ <http://www.adhd.is/is/um-adhd/frettir/undirskriftasofnun-salfraedithionusta-er-lika-heilbrigdisthionusta>

skipuleggja, efla og útvíkka þjónustu og áætlanagerð á sviði alhliða hæfingar og endurhæfingar, einkum að því er varðar heilbrigði, atvinnu, menntun og félagsþjónustu, með þeim hætti að fyrrnefnd þjónusta og áætlanir: a) hefjist eins snemma og frekast er unnt og séu byggðar á þverfaglegu mati á þörfum og styrk hvers einstaklings um sig, b) stuðli að þátttöku í samfélaginu og þjóðfélaginu á öllum sviðum án aðgreiningar, séu valfrjálsar og standi fötluðu fólki til boða sem næst samfélögum þess, einnig til sveita.“

Lyf og lækningavörur

Gert er ráð fyrir 9,2 ma. kr. raunaukningu

Lyf

Ísland hefur dregist verulega aftur úr nágrannaþjóðunum við innleiðingu nýrra lyfja. Þrátt fyrir fyrirheit um 50% aukið framlag á tímabilinu má efast um að það dugi til að mæta uppsöfnuðum vanda. Í kaflanum um lyf og í þingsályktunartillögu um lyfjastefnu til 2020 er lögð áhersla á að hagræða og taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi um lyfjaútboð. Það er eðlilegt að fjármagn sé nýtt sem best með þeim hætti. Lagt er til að lögð verði jafn rík áhersla á innleiðingu nýrra lyfja hér á landi líkt og þekkt á hinum Norðurlöndunum.

Á Íslandi er lagður 24% virðisaukaskattur á lyf, sem efra virðisaukaskattsþrepið.

Tillaga að breytingu:

Virðisaukaskattur af lyfjum fyrir örorkulífeyrisþega, fatlað fólk og aldraða verði afnuminn.

Gert sé ráð fyrir í lyfjastefnu til 2022 og fjármálaáætlun 2018-2022 að innleiðing nýrra nauðsynlegra lyfja verði fjármögnuð svo að við stöndum jafnfætis hinum norðurlandþjóðunum á tímabilinu.

Hjálpartæki

Kostnaður vegna hjálpartækja hefur verið vanáætlaður um langt skeið og ekki fylgt lýðfræðilegum breytingum vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar. Þið er eftir ýmsum hjálpartækjum og hefur vöruflokkum sem Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða fækkað á undanförunum árum. Viðgerðarþjónusta er takmörkuð, sem og kennsla á tækin. Hjálpartæki til að stunda tómstundir eða vinnu eru ekki niðurgreidd af Sjúkratryggingum Íslands. Í 20. gr. SRFF segir:

„Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því: b) að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að hreyfibúnaði, tækjum, hjálpargögnum og beinni aðstoð og þjónustu milliliða í háum gæðaflokki, meðal annars með því að hafa þau á boðstólum á viðráðanlegu verði,“

og í 26. gr.:

„Aðildarríkin skulu gera gangskör að því að hjálpartæki og -gögn, sem eru hönnuð fyrir fatlað fólk, séu á boðstólum, þekking á þeim sé til staðar og að þau séu notuð í þágu hæfingar og endurhæfingar.“

Tillögur að breytingum:

Heilbrigðisráðuneytið skipi þegar starfshóp til að meta þjónustu og framboð hjálpartækja á Íslandi. Fjármálaáætlun miðist m.a. við að

- virðisaukaskattur á hjálpartæki (24%) verði afnuminn,
- fjölgað verði vöruflokkum sem SÍ niðurgreiðir,
- opnunartími verkstæðis SÍ verði aukinn, gerðir verði samningar við verkstæði um land allt og viðbragðsþjónusta verði í boði,
- þjálfun og kennsla á hjálpartæki standi til boða,
- notendur fái aukið val um hjálpartæki sem uppfyllir þeirra persónulegu þarfir, lífsstíl og smekk.

Viðgerðarþjónusta á hjálpartækjum

Fjölga þarf samningum við verkstæði á landsbyggðinni sem einstaklingar geta leitað til með hjálpartæki. Einnig þarf að tryggja neyðarþjónustu þegar þörf er á. Jafnframt verður fjármagn að fylgja til að hægt sé að standa við gerða samninga.

Tillögur um breytingar:

Lagt er til að virðisaukaskattur af hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða verði afnuminn.

Lagt er til að hækkun á fjárheimild til málaflokksins miðist við lýðfræðilegar breytingar og tryggt verði að allt fatlað fólk fái þau hjálpartæki sem nauðsynleg eru og við hæfi.

Lagt er til að tryggt verði fjármagn til Sjúkratrygginga Íslands svo einstaklingar geti fengið viðgerðir á hjálpartækjum hvenær sem er sólarhringsins og um allt land.

Lýðheilsa og stjórnsýsla heilbrigðismála

Aðeins er gert ráð fyrir 4% raunaukningu útgjalda til þessa málaflokks. Útgjaldaramminn eykst úr 8303 m.kr. á fjárlögum ársins 2017 í 8658 m.kr. samkvæmt áætlun fyrir árið 2022, en innan við þriðjungur af þeirri fjárhæð fer í lýðheilsu, forvarnir og eftirlit.

Íslenska heilbrigðiskerfið er viðbragðsdrifið en ekki forvarnadrifið, sem tekur oft ekki við sér fyrr en í óefni er komið fyrir einstaklinginn.¹⁵ Ungt fólk hefur ekki haft lítinn aðgang að sálfræðiþjónustu og félagslegum úrræðum vegna kvíða og þunglyndis og lengi hefur tíðkast að íslenskt launafólk þræli sér út á vinnumarkaði til að hafa í sig og á, og taki inn lyf til að geta þolað álag og verki, t.a.m. vegna gigtar, þar til líkaminn gefur sig. Aukningu örorkulífeyrisþega má af stærstum hluta rekja til geðraskana hjá ungu fólki en stoðkerfissjúkdóma hjá fólki yfir þrítugu. Þá hefur færst í aukana að fólk neiti sér um heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar. Með auknum forvörnum væri bæði hægt að spara gríðarlega fjármuni og fyrirbyggja heilsubrest og örorku í mörgum tilfellum. Í fjármálaætluninni er sértaklega tiltekið að „...fjölgun öryrkja hafi verið umfram áætlanir“¹⁶ sem hafi falið í sér talsverða útgjaldaukningu.

¹⁵ http://sibs.is/images/stories/sibs_bladid/pdf/sibs_bladid_2015_1.pdf bls. 4-7

¹⁶ Bls. 10.

Því kemur á óvart að ekki er lögð meiri áhersla á þessi atriði, ekki síst þar sem Björt framtíð lagði fyrir síðustu alþingiskosningar sérstaka áherslu á að draga úr kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu með áherslu á forvarnir.¹⁷ Í nefndaráliti Bjartrar framtíðar um fjármálastefnu fyrri ríkisstjórnar fyrir árin 2017-2021 segir einnig m.a.:

„Aukning sjúkdóma sem rekja má til lífsstíls, svo sem rangs mataræðis og hreyfingarleysis, hefur í för með sér gríðarlegan kostnað fyrir heilbrigðiskerfið. Því er í raun óskiljanlegt að ekki sé allt kapp lagt á að hemja þróunina með öllum ráðum og beita forvörnum og snemmtækri íhlutun í stað lyfja þar sem það er hægt.“¹⁸

Tillaga að breytingu:

Lögð verði áhersla á forvarnir og lýðheilsu í fjármálaáætlun. Það myndi skila sér í betri heilsu þjóðarinnar, minni lyfjanotkun og minna álagi á heilbrigðisþjónustu og að lokum í minni útgjöldum fyrir ríkissjóð.

8. Almennatryggingar

Í fjármálaáætlun 2018-2022 er áætlað að hækkun lífeyris almennatrygginga verði einungis á bilinu 3,1% til 4,8%. Um er að ræða mjög lága prósentuhækkun til hóps, sem er almennt með mjög lágan lífeyri. Kjör örorku- og endurhæfingar- lífeyrisþega hafa dregist mjög aftur úr kjörum meginþorra landsmanna, eins og sjá má á töflu 1.

Tafla 1:

Hækkanir til örorkulífeyrisþega frá 2012 til 2016 – samanburður við aðra hópa:

Hækkanir á mánuði frá árinu á undan – tímabil 2012 til 2016.	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Ár	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Forsætisráðherra	40.321	38.751	41.857	118.384	630.492	869.805
Ráðherrar	36.440	35.022	37.828	106.991	568.848	785.129
Þingmenn	20.634	19.831	21.421	96.585	389.164	547.635
Óskertur lífeyrir almennatrygginga	5.916	6.823	6.544	5.649	18.814	43.746
Óskertur lífeyrir almennatrygginga með heimilisuppbót	6.865	7.917	7.593	6.555	21.832	50.762
Lágtekjutrygging í dagvinnu	11.000	10.000	10.000	31.000	15.000	77.000
Miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega ¹⁹	25.000	11.000	6.000	9.000	18.000	69.000
Miðgildi heildartekna fullvinnandi ²⁰	22.000	32.000	25.000	46.000	Uppl. vantar	

Miðgildi heildartekna fullvinnandi hækkaði um 125.000 kr. frá árinu 2011 til 2015, en tölur fyrir árið 2016 koma ekki fram fyrr en síðar á árinu 2017.

¹⁷ <http://www.frettatiminn.is/tveir-flokkar-svara-akalli-kara-adrir-med-obreytt-astand/>

¹⁸ <https://brynhildurpeturs.com/2016/09/15/fjarmalastefna-2017-2021/>

¹⁹ Mælaborð TR á heimasíðu Tryggingastofnunar www.tr.is

²⁰ Hagstofa Íslands www.hagstofa.is undir samfélag – laun.

Athyglisvert er að óskertur örorkulífeyrir (212.776 kr.) almannatrygginga árið 2016 er 40% af **hækkun** þingfararkaupts sama árs.

Í fjármálaáætluninni segir að það sé „mikil áskorun í málaflökkunum að örorkulífeyrir almannatrygginga, ásamt öðrum greiðslum og aðstoð, nægi til framfærslu þeirra sem á þurfa að halda en að örorkulífeyriskerfið sé um leið einfalt og gagnsætt.“²¹

Ekki er hægt að lesa annað út úr þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar en að stjórnvöld hafi ekki í hyggju að bæta kjör örorkulífeyrisþega og tryggja þeim mannsæmandi framfærslu á næstu árum. Lágar prósentuhækkunarir (3,1% til 4,8%) á lágur upphæðir gefa af sér lágur krónutöluhækkunarir, sem er algjörlega óásættanlegt og mun engu breyta um kjör fólks, sem búið hefur við verulegan skort árum saman sem m.a. kemur niður á börnum örorkulífeyrisþega. Í skýrslunni *Þróun bóta TR til öryrkja 2008-2013*, sem núverandi fjármálaráðherra gerði árið 2013²² og í skýrslu ÖBÍ Virkt samfélag frá árinu 2016.²³ kemur fram að veruleg kjaragliðnun hefur átt sér stað á milli örorkulífeyrisþega og annarra hópa.

Óskertur örorku- og endurhæfingarlífeyrir fyrir árið 2017 er 227.883 kr. (fyrir skatt). **Fyrirhuguð 3,1% til 4,8% hækkun myndi þýða að hann yrði á bilinu 234 til 238 þúsund kr. á mánuði í byrjun árs 2018. Eftir skatt yrði upphæðin rúmlega 200 þúsund krónur á mánuði.** Enginn lifir af þessum tekjum í íslensku samfélagi og allra síst einstaklingar sem þurfa oft að greiða hærra hlutfall ráðstöfunartekna sinna í húsnæðis- og heilbrigðiskostnað, hjálpartæki og ýmsa stoðþjónustu. Samkvæmt 28. gr. SRFF ber ríkinu að tryggja einstaklingum viðunandi lífskjör og sífellt batnandi lífsskilyrði. Með fjármálaáætluninni eru lífskjör fólks, sem oft á tíðum býr við fátækt, ekki bætt.

Boðuð hækkun 7 til 13 þúsund krónur fyrir skatt

Á tímabilinu sem um ræðir 2018-2022 myndi krónutöluhækkun óskerts örorku- og endurhæfingarlífeyris vera á bilinu sjö til þrettán þúsund krónur á mánuði (fyrir skatt) um hver áramót. Ef miðað er við skattprósentu ársins 2017 er um að ræða hækkunarir á bilinu 4.455 kr.²⁴ til 8.321 kr.²⁵ (eftir skatt).

Tafla 2.

Fyrirhugaðar árlegar hækkunarir í krónutölum, ef óskertur örorku- og endurhæfingarlífeyrir mun hækka um 3,1% í byrjun hvers árs skv. 5 ára fjármálaáætlun.

Árleg hækkun 3,1%.	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Óskertur lífeyrir	227.883	234.947	242.231	249.740	257.482	265.464	
Hækkun í krónum á mánuði frá fyrra ári.		7.064	7.283	7.509	7.742	7.982	37.581

²¹ Blaðsíða 314.

²² http://www.obí.is/media/utgafa/skyrslurinl/Skyrsla_Talnakönnunar_Throun-bota-TR-til-oryrkja-2008-2013.pdf

²³ Í skýrslunni Virkt samfélag er kjaragliðnun fyrir árin 2014 til 2016 reiknuð út á sama hátt og í skýrslu Talnakönnunar ehf: Þróun bóta TR til öryrkja 2008-2013.

²⁴ 3,1% hækkun í janúar 2018 eftir skatt.

²⁵ 4,8% hækkun í janúar 2022 eftir skatt.

Tafla 3.

Fyrirhugaðar árlegar hækkunir í krónutöllum, ef óskertur örorku- og endurhæfingarlífeyrir mun hækka um 4,8% í byrjun hvers árs skv. 5 ára fjármálaáætlun.

Árleg hækkun 4,8%.	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Óskertur lífeyrir	227.883	238.821	250.285	262.298	274.889	288.083	
Hækkun í krónum á mánuði frá fyrra ári.		10.938	11.463	12.014	12.590	13.195	60.200

Einungis 288 þúsund krónur árið 2022

Örorkulífeyrir á að tryggja framfærslu þeirra sem ekki geta tekið þátt á vinnumarkaði eða hafa mjög takmarkaða starfsgetu. Með þeirri leið, sem lagt er upp með í þingsályktunartillögunni, mun bilið á milli lágmarkslauna og óskerts örorkulífeyris verða aukið til muna. Slíkt gengur algjörlega gegn loforði Viðreisnar, flokks fjármálaráðherra, fyrir alþingiskosningar árið 2016, um að „enginn lífeyrisþegi fái minna en sem nemur lágmarkslaunum.“²⁶ Lágmarkslaun hækka í 300.000 kr. árið 2018. **Ef hækkað yrði samkvæmt hærri prósentutölunni 4,8% fimm ár í röð, næði óskertur örorkulífeyrir²⁷ einungis upp í rúmar 288 þús. krónur árið 2022.**

Einungis um þriðjungur örorkulífeyrisþega fær greidda heimilisuppbót. Óskertur örorkulífeyrir með heimilisuppbót er 280.000 kr. (fyrir skatt) árið 2017. Jafnvel þó hann yrði hækkaður um 4,8% í byrjun árs 2018 yrði upphæðin einungis 293.440 kr. (fyrir skatt). Í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir „að grunnellilífeyrir verði hækkaður úr 280 þús.kr. í 300 þús.kr. frá og með ársbyrjun 2018 ...“ Ekki er alveg ljóst hvað átt er við með orðinu „grunnellilífeyrir“ í fjármálaáætluninni en hugtakið kemur hvergi fram í lögum um almannatryggingar. Óskert upphæð ellilífeyris²⁸ er hins vegar 228.734 kr. árið 2017. Með heimilisuppbót, sem einungis um 25% ellilífeyrisþega fá greidda²⁹, nemur upphæðin 281.050 kr. (fyrir skatt). Sé sú upphæð hækkuð í 300.000 kr. er um að ræða 6,74% hækkun.

Hvers vegna er örorku- og endurhæfingarlífeyrir ekki hækkaður til samræmis við hækkun ellilífeyris?

Spurt er hvers vegna er ekki áætluð sama hækkun til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega (6,74%) líkt og túlka má ætlunina um hækkun til ellilífeyrisþega, þar sem ákvörðun um hækkun byggir á sama lagaákvæðinu, sem er 69. gr. laga um almannatryggingar?

²⁶ Úr stefnu Viðreisnar, Landsþing 24.9.2016: <https://www.vidreisn.is/is/malefni/heilbrigdis-og-velferdarmal>

²⁷ Um þriðjungur örorkulífeyrisþega fær greidda heimilisuppbót til viðbótar við bótaflokka almannatrygginga. Óskertur örorkulífeyrir með heimilisuppbót gæti farið í tæp 354 þúsund kr. árið 2022 ef hann yrði hækkaður árlega um 4,8%. Einungis um þriðjungur örorkulífeyrisþega fær greidda einhverja heimilisuppbót.

²⁸ Samkvæmt 17. gr. laga um almannatryggingar.

²⁹ Samkvæmt Tölutíðindum TR, 4 ársfjórðungur 2016.


http://www.tr.is/media/tolutidindi/Tolutidindi_4_16_tolublad.pdf

Kaupmáttaraukning samkvæmt Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Víða í fjármálaáætluninni sem hér er til umsagnar kemur fram að kaupmáttaraukning hafi verið mikil síðustu ár. Kaupmáttaraukning ársins 2016 hafi mælst 9,5% samanborið við árið áður og að hún sé sú hæsta sem mælst hefur. Þessi þróun hefur ekki náð til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands hefur kaupmáttur heildartekna örorkulífeyrisþega verið neikvæður megnið af tímabilinu (2009-2015) og er aðeins 1% hærri árið 2015 en árið 2009, eins og sjá má á mynd 1. hérna fyrir neðan.

Mynd 1.



Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, nóvember 2016.

Þess ber að geta að á meðan kaupmáttur miðgildis heildarlauna fullvinnandi jókst um 15% og kaupmáttur lágmarkslauna um 17% hækkaði miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega einungis um 1%³⁰, eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan. ÖBÍ fékk Hagfræðistofnun HÍ einnig til að reikna út þróun kaupmáttar miðgildis heildartekna örorkulífeyrisþega árið 2016. Útkoman var 5% kaupmáttaraukning árið 2016, sem er nær helmingi minni en kaupmáttaraukninginn sem mældist í fyrra, samkvæmt fjármálaáætluninni.³¹

Í fjármálaáætluninni segir að „spá Hagstofunnar gerir þó áfram ráð fyrir kröftugri kaupmáttaraukningu á næstu þremur árum [...]“³² Ljóst má vera að með 3,1% til 4,8% hækkun til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega er þeim áfram ætlað að fara á mis við kaupmáttaraukningu. Með fjármálaáætlun þessari virðist ríkisstjórnin ætla að halda þessum hópi í fátækt og þannig koma í veg fyrir þátttöku þeirra í samfélaginu. Minnt er á að Ísland hefur fullgilt SRRF sem kveður á um að aðildarríki að samningnum „... eigi að viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi

³¹ Á blaðsíðu 19 í þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 kemur fram að kaupmáttaraukningin í fyrra hafi verið 9,5%.

³² Blaðsíða 27.

lífskjara því til handa, meðal annars viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi lífskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.“ Fjármálaáætlunin er því í hrópandi ósamræmi við ofangreint ákvæði SRFF.

Víðtæk krafa og samstaða um afnám krónu á móti krónu skerðingar

ÖBÍ hefur um árabil barist fyrir afnámi sérstakrar framfærsluuppbotar, svokallaðri „krónu á móti krónu skerðingar“ á greiðslum til lífeyrisþega og ítrekað lagt til að sérstaka framfærsluuppbotin verði felld inn í bótaflokkinn tekjutrygging. Gagnrýni ÖBÍ og annarra sem hafa kynnt sér málið snýst m.a. um að fjöldi örorkulífeyrisþega sjái ekki ávinning af því að hafa greitt í lífeyrissjóð af tekjum sínum. Þeir hafi ennfremur ekki ávinning af sparnaði og/eða af atvinnupátttöku, en hér er átt við þá sem hafa mjög takmarkaða starfsgetu. Afnám krónu á móti krónu skerðingar myndi draga verulega úr tekjuskerðingum, auka ráðstöfunartekjur og um leið einfalda kerfið sem er m.a. yfirlýst markmið í fjármálaáætluninni. Í áætluninni er aðeins komið inn á gagnrýni ÖBÍ og annarra á þessar miklu tekjuskerðingar, en þar kemur fram að gagnrýnt hafi verið „að smávægileg hækkun á öðrum tekjum örorkulífeyrisþega geti haft þau áhrif að heildarfjárhæð bótagreiðslna til hans lækki verulega. Sérstaklega hefur verið gagnrýnt hvernig aðrar tekjur lífeyrisþegans hafa áhrif á fjárhæð sérstakrar uppbotar til framfærslu. Það hefur verið talið til þess fallið að draga úr hvata fólks með skerta starfsgetu til að auka við tekjur sínar með atvinnupátttöku. Mikilvægt er að tryggja að samspil tekna fólks með skerta starfsgetu og örorkulífeyris sé með þeim hætti að hvati til virkrar þátttöku á vinnumarkaði sé til staðar.“³³

Síðustu ár hefur verið samstaða um að afnema sérstaka framfærsluuppbot vegna vandkvæða sem fylgja því að hafa krónu á móti krónu skerðingar í kerfinu. Almannatryggingakerfið á að vera nægilega öflugt og traust til að fólk þurfi ekki að reiða sig á félagslega aðstoð. Í aðdraganda kosninga nú í haust voru öll framboð sem eiga fulltrúa á Alþingi á 146. löggjafarþingi sammála um að afnema krónu á móti krónu skerðingar.³⁴

Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa búið við „krónu á móti krónu“ skerðingar frá september 2008. Það er algjörlega óásættanlegt að halda fólki áfram í þeirri fátæktargildru sem fylgir 100% tekjuskerðingum þrátt fyrir að löngu sér orðið ljóst hversu mikinn skaða hún veldur lífeyrisþegum og þá sérstaklega þeim sem hafa einungis lágur tekjur annars staðar frá. Ekki er hægt að lesa annað út úr fjármálaáætluninni en að „krónu á móti krónu“ skerðingar verði áfram næstu árin, allavega til ársins 2019.

Í september 2016 voru um 33% einstaklinga með 75% örorkumat³⁵ með einhverjar atvinnutekjur. Hlutfallið hefur verið svipað síðustu ár. Núverandi ríkisstjórn leggur mikið kapp á að fleiri örorkulífeyrisþegar séu á vinnumarkaði. Því er óskiljanlegt hvers vegna ekki sé strax ráðist í að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar, þar sem slík ráðstöfun myndi verða fjárhagsleg hvatning til atvinnupátttöku.

³³ Blaðsíða 315.

³⁴ Hlusta má á svör frambjóðenda á myndbandsupptöku á youtube síðu Öryrkjabandalags Íslands: https://www.youtube.com/watch?v=_suDM0z-xPo

³⁵ Hópur einstaklinga með 75% örorkumat frá TR fær engar lífeyrisgreiðslur vegna tekna, aðallega vegna atvinnutekna. Því er hér aðgreint á milli örorkulífeyrisþega, þ.e. þeirra sem eru með 75% örorkumat og fá greiðslur og hinna sem eru með 75% mat en engar greiðslur.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að 100% tekjuskærðingar verði afnumdar í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn fælist í því að lækka skærðingarhlutfallið úr 100% í 60% og gildi afturvirkkt frá 1. janúar 2017. Seinni áfanginn komi til framkvæmda 1. janúar 2018, en þá verði skærðingarhlutfallið lækkað í 38,35%, þ.e. sama skærðingarhlutfall og fyrir tekjutryggingu.

Reglugerðarákvæði kemur í veg fyrir að öllum lífeyrisþegum sé tryggð

lágmarksfjárhæð til framfærslu - 50 manns með undir 80 þúsund á mánuði

Ítrekað hefur verið lýst yfir miklum áhyggjum vegna stöðu lífeyrisþega sem búa við skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis og fá engar greiðslur erlendis frá. Þeir þurfa að reiða sig á heildartekjur sem eru langt undir öllum tekjuviðmiðum, þar með talið framfærsluviðmiðum skv. lögum um félagslega aðstoð. Í nóvember 2016 voru 50 lífeyrisþegar með heildartekjur **undir 80.000 kr.** og 171 með heildartekjur undir **130.000 kr.**³⁶ Hér er því um fámennan hóp fólks að ræða sem býr við mjög kröpp kjör og eru þessir einstaklingar því upp á aðra komnir.

Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð hafa meðal annars það hlutverk að tryggja að heildartekjur lífeyrisþega séu ekki undir ákveðnum skilgreindum framfærsluviðmiðum (óskertur lífeyrir). Sérstök framfærsluuppbot er greidd þegar tekjur eru undir framfærsluviðmiði til þess að heildartekjur nái framfærsluviðmiði. Framkvæmd ákvæðisins hefur þó verið með þeim hætti að sérstaka framfærsluuppbotin hefur verið skert á grundvelli fyrri búsetu erlendis með sama hætti og aðrir bótaflokkar, þvert gegn tilgangi þess. Búsetuskærðing sérstakrar framfærsluuppbotar byggir einungis á einu reglugerðarákvæði³⁷, sem einfalt er að afnema. Lausnin er tæknilega einföld og fylgja því lítil fjárútlát að tryggja að þessir fáu einstaklingar séu ekki með heildartekjur undir framfærsluviðmiðinu.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að lögfesta reglu um að allir, sem eiga rétt á sérstakri framfærsluuppbot, fái hana greidda án tillits til fyrri búsetu erlendis. Tryggja þarf fjármagn til að mæta þessari breytingu, sem mun nýtast lífeyrisþegum með lægstu heildartekjurnar.

Desember- og orlofsuppbætur


Desemberuppbot til lífeyrisþega hefur hækkað mun minna en hjá launþegum og atvinnulausum og er upphæðin mun lægri eins og sjá má á mynd 2.

³⁶ Fjöldatölurnar má finna í svari félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn:

<http://www.althingi.is/altext/pdf/146/s/0274.pdf>

³⁷ 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1052/2009.

Mynd 2.



Skýringar með mynd:

Desemberuppbót skv. kjarasamningum SRF við ríkisstofnanir.

Óskert desemberuppbót til atvinnuleitenda greiðist til þeirra sem eiga fullan bótarétt og hafa verið skráðir án atvinnu í ákveðið langan tíma.

Desemberuppbót fyrir lífeyrisþega sem ekki fá greidda heimilisuppbót.

Mikilvægt er að hafa í huga að einungis hluti lífeyrisþega fær desember- og orlofsuppbætur óskertar þar sem þær eru reiknaðar sem hlutfall af tekjutryggingu og heimilisuppbót, en einungis um 30% örorkulífeyrisþega fá greidda heimilisuppbót. Á mynd 2 er sýnt fram á desemberuppbót án heimilisuppbótar. Ef dæmi er tekið af desemberuppbót með heimilisuppbót þá er hún samt sem áður mun lægri en desemberuppbót hjá atvinnuleitanda. Lífeyrissjóðir greiða ekki orlofs- eða desemberuppbót. Hluti lífeyrisþega fær því enga eða mjög skerta desember- og orlofsuppbót.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að desemberuppbót til lífeyrisþega verði hækkuð þannig að óskert desemberuppbót til lífeyrisþega (án heimilisuppbótar) verði að minnsta kosti ekki lægri en desemberuppbót til atvinnuleitenda.

Lagt er til að ákvæði um orlofsuppbót lífeyrisþega verði endurskoðað og hækkað í samræmi við upphæð orlofsuppbótar í samningi SA og ASÍ.

Samspil „bótakerfis“, skattkerfis og annarra tekna, s.s. launa.

Í þingsályktunartillögunni sem hér er til umsagnar, kemur fram að núgildandi kerfi sé „flókið og inniheldur ekki nægilega hvata til þátttöku á vinnumarkaði vegna samspils bótakerfis, skattakerfis og launa“³⁸

Hvernig er þessu samspili háttað?

Skattleysismörkin eru mjög lág, eða rúmlega 140 þús kr. á mánuði. Tekjur fyrir skatt skerða lífeyrinn og tengdar greiðslur frá TR. Þetta gildir um allar nær allar skattskyldar tekjur³⁹, sem fara yfir frítekjumörkin. Hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem fá greidda sérstaka uppbót til framfærslu en skerðingin en meiri, sbr. dæmið hérna fyrir neðan:

Dæmi um mánaðalegar greiðslur til örorkulífeyrisþega með 40.000 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði. Örorkumat við 40 ára aldur.

2017	Með lífeyrissjóðstekjur	Með engar aðrar tekjur
Grunnlífeyrir	42.852	42.852
Aldurstengd örorkuuppbót	6.428	6.428
Tekjutrygging	132.394	137.226
Framfærsluuppbót	6.209	41.377
Samtals frá TR fyrir skatt	187.883	227.883
Lífeyrissjóðstekjur fyrir skatt	40.000	0
Samtals frá TR og lífeyrissjóði fyrir skatt	227.883	227.883
Skattar og skerðingar	71.273	31.273
Útborgað	196.610	196.610

Lífeyrissjóðstekjurnar í dæminu hérna fyrir ofan skerða greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um sömu krónutölu og viðkomandi fær greitt frá lífeyrissjóði. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem greitt hafa lögbundið iðgjald af launatekjum sínum árum saman njóta ekki fjárhagslegs ávinnings af þessum skyldugreiðslum. Það er erfitt að sjá tilgang með lögum um skyldugreiðslur í lífeyrissjóð ef það er ekki tryggt að einstaklingurinn njóti fjárhagslegs ávinnings af greiðslunum verði hann fyrir heilsubresti áður en komið er á efri ár.

Stefnt að auknum tekjuskerðingum næstu árin

Í fjármálaáætluninni er ekki að finna neinar tillögur um að auka hvata fólks með skerta starfsgetu til aukinnar atvinnuþátttöku aðrar en að afnema „krónu á móti krónu skerðingar“ eftir að starfsgetumati hefur verið komið á, sjá nánar undir á bls. 23⁴⁰

³⁸ Blaðsíða 315.

³⁹ Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerði engar greiðslur frá TR.

⁴⁰ Í undirkaflanum: Víðtæk krafa og samstaða um afnám „krónu á móti krónu skerðinga.“

Hins vegar er ætlunin samkvæmt fjármálaáætluninni að auka skerðingar vegna annarra tekna. Fram kemur að stefnt sé að því að leggja fram frumvarp þar sem allar tekjur lífeyrisþega hafi sömu skerðingaráhrif óháð tegund tekna. Þetta þýðir í raun að frítekjumörkin verða aflögð, en þrjú frítekjumörk eru í gildi fyrir örorkulífeyrisþega, vegna atvinnutekna, fjármagnstekna og tekna úr lífeyrissjóði. Það er langt frá því að vera atvinnuhvetjandi að taka út frítekjumörk vegna atvinnutekna og sérstaklega ef fólki mætir aukin tekjuskerðing. Allt fólk sem eitthvað getur stundað vinnumarkaðinn verður að sjálfsögðu að hafa af því fjárhagslegan ávinning.⁴¹

Eitt af einkennum almannatrygginga á Íslandi eru miklar tekjutengingar við allar aðrar tekjur, en þær byrja of snemma og við of lágur tekjur og því er fólk fast á mjög lágum tekjum til langs tíma. Fólk í þessari stöðu upplifir mikla ósanngirni almannatryggingakerfisins gagnvart þeirri viðleitni sinni að afla viðbótartekna og að kerfið sé fjandsamlegt gagnvart atvinnuþátttöku þeirra og/eða sparnaði.

Tilhneigingin síðari ár hefur verið að draga út vægi frítekjumarkna og þar með auka skerðingar í almannatryggingum vegna annarra tekna. Frítekjumörk í lögum um almannatryggingar hafa verið óbreytt frá 2009, en þau ættu að fylgja árlegum breytingum á sama hátt og lífeyrir skv. lögum um almannatryggingar. Ákvæði þess efnis þarf að koma inn í lögin. Á meðan frítekjumark vegna atvinnutekna stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, þá skila launahækkunir sér ekki til örorkulífeyrisþega. Frá janúar 2009 hefur launavísitalan hækkað um 68%. Frítekjumark vegna atvinnutekna væri 188.463 kr. ef það hefði hækkað í samræmi við launavísitölu á tímabilinu.

Einföldun kerfisins þarf ekki að þýða auknar skerðingar og minni hvata til atvinnuþátttöku

Lagðar hafa verið fram tillögur í skýrslu til félagsmálaráðherra um að draga úr skerðingum með aukinni notkun frítekjumarkna samhliða því að einfalda kerfið.⁴² ÖBÍ hefur einnig ítrekað lagt fram tillögur um að draga úr skerðingum í almannatryggingakerfinu vegna annarra tekna örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, til að fólk með skerta starfsgetu fái að njóta ávinnings að eigin atvinnuþátttöku og sparnaði (t.d. skyldusparnaði í lífeyrissjóði). Einföldun almannatryggingakerfisins, aukin notkun og hækkun frítekjumarkna fer saman og leiðir til meiri sanngirni auk þess að hvetja til aukinnar atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu (öryrkja). Markmið þessara tillagna var að auka sanngirni í almannatryggingakerfinu, hvetja til sparnaðar og aukinnar atvinnuþátttöku lífeyrisþega, einkum örorkulífeyrisþega, samhliða því að einfalda kerfið.

Í fjármálaáætluninni er hins talað fyrir svipaðri leið og farin var í nýju kerfi ellilífeyris, sem tók gildi 1. janúar 2017. Við breytingarnar var of mikið einblínt á það markmið að

⁴¹ Ætlunin var að taka út öll frítekjumörk þegar lagaákvæðum um ellilífeyri almannatrygginga var breytt í því skyni að einfalda kerfið. Ef kröftug mótmæli ellilífeyrisþega var sett inn 25 þús. kr. frítekjumark á mánuði fyrir atvinnutekjur, en um var að ræða lækun frítekjumarksins úr 109 þús. kr. í 25 þús. kr.

⁴² Tillögur í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra frá október 2009 undir yfirskriftinni *Nýskipan almannatrygginga: Tillögur um breytingar á lífeyriskerfinu*.

einfalda kerfið og var niðurstaða sú að skerðingarhlutfall allra skattskyldra tekna var hækkað umtalsvert⁴³ og frítekjumörk afnumin.

Einföldun kerfisins þarf og má ekki að vera á kostnað örorkulífeyrisþega, þ.e. að tekjur þeirra lækki og tekjuskerðingar aukast.

Því er ekki hægt að sjá hvernig fyrirhugaðar breytingar um að meðhöndla allar tekjur eins eigi að samræmast því að hafa „innbyggða hvata er stuðli að aukinni atvinnuþátttöku fólks.“

Í textanum um fyrirhugað starfsgetumat er mjög mikilvægum spurningum um framfærslu ósvarað:

- a) Hvernig á að tryggja framfærslu einstaklinga með skerta starfsgetu, sem eiga samkvæmt nýju kerfi rétt á hlutagreiðslum en fá ekki starf við hæfi? 50% starfsgeta eða aukin starfsgeta þýðir ekki að viðkomandi fái starf við hæfi. Fólki með skerta starfsgetu reynist oft erfiðara en öðrum að fá störf við hæfi.
- b) Hvernig á að tryggja framfærslu einstaklinga með hafa ekki nægilega starfsgetu til að geta verið á vinnumarkaði? Núverandi fjárhæðir almannatrygginga duga enga veginn til framfærslu og boðaðar hækkanir næstu ári (3,1% til 4,8%) munu engu breyta þar um.

Víxlverkun milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Í fjármálaáætluninni segir að „koma í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða.“⁴⁴ Frá árinu 2011 hafa verið í gildi bráðabirgðaákvæði til að koma í veg fyrir víxlverkun milli örorkugreiðslna frá almannatryggingum annars vegar og frá lífeyrissjóðum hins vegar, til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðsgreiðslur til örorkulífeyrisþega lækki enn frekar eða falli jafnvel niður. Allt frá árinu 2009 hefur ÖBÍ lagt áherslu á að fundin verði framtíðarlausn á vandanum, lausn sem ver hagsmuni allra örorkulífeyrisþega. Í fjármálaáætluninni kemur ekkert fram um hvað stjórnvöld ætli sér að gera til að koma í veg fyrir ofangreint samspil eða hvaða fjármagn verður sett inn til að gera fyrirhugaðar breytingar.

Tillaga að breytingu:

Alþingi setji lög til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir skerði greiðslur til örorkulífeyrisþega með hliðsjón af tekjum frá TR.

9. Hugmyndir um innleiðingu starfsgetumats

Síðustu ár hafa verið uppi hugmyndir um að taka upp svo kallað starfsgetumat í stað örorkumats. Starfsgetumat er matstæki fyrir getu einstaklings til vinnumarkaðsþátttöku. Í umsögnum ÖBÍ hefur komið fram að í umfjöllun opinberra aðila um starfsgetumat hefur verið einblínt á að auka getu einstaklinga til starfa en að

⁴³ Nýtt kerfi ellilífeyris – kostir og gallar. Umfjöllun Stefáns Ólafssonar frá 29.4.2017: <http://blog.pressan.is/stefano/>. „Annar galli nýju laganna sem þessu tengist er sú staðreynd að skerðingarhlutföll vegna annarra tekna eru hækkuð umtalsvert, þ.e. þegar aðrar tekjur fara yfir 25 þús. kr. frítekjumarkið. Skerðing var áður mest tæp 39% en fer nú almennt í 45% og fyrir þá sem fá heimilisuppbót skerðist hún til viðbótar um 11,9%. Þetta gildir um allar skattskyldar tekjur utan séreignasparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.“

⁴⁴ Blaðsíðu 318.

sama skapi hefur verið lítil umfjöllun um vinnumarkaðinn. Ljóst er að starfsgetumatskerfi getur ekki gengið upp án þess að lagðar verði skyldur á vinnumarkaðinn til þess að laga sig að margbreytileika fólks. Réttast væri að nálgast hugtakið „starfsgetumat“ á þann veg að líta á starfsgetumatið sem heildstætt ferli þar sem skoðað er samspil einstaklinga og vinnumarkaðar. Starfsgetumat varðar m.a. það hvort einstaklingur uppfyllir kröfur vinnumarkaðarins. Starfsgetumat mun því aldrei ganga upp nema horft verði á hugtakið með tvennum hætti. Annars vegar getu einstaklingsins og hins vegar getu/skyldu vinnumarkaðarins til að koma til móts við einstaklinginn og veita honum viðeigandi aðlögun. Líta má þar til hugtaksins „viðeigandi aðlögun“ sbr. 2. og 5. gr. SRFF, jafnræðistilskipanir Evrópusambandsins eða „Americans with Disabilities Act“ í Bandaríkjunum. Hvergi er neitt að finna í fjármálaáætluninni sem tekur á þessu. Lagðar eru skyldur og skilyrðingar á einstaklinga en engar lagðar á vinnuveitendur. Því verður í fjármálaáætlun næstu fimm ára að horfa einnig á það hvaða raunhæfu skyldur er hægt að leggja á vinnumarkaðinn og ríkið í þessu samhengi. Þar á meðal hvaða kostnað hægt er að leggja á ríkið til að tryggja að réttur til viðeigandi aðlögunar er virkur.

Umræðan virðist því vera stutt á veg komin, útgangspunkturinn er ávallt fjölgun örorkulífeyrisþega, samfélagslegar hindranir. Samkvæmt fjármálaáætluninni er helsta áskorunin áframhaldandi fjölgun einstaklinga sem metnir eru til örorku og fá greiðslur á grundvelli þess. Örorka, eins og hún er skilgreind samkvæmt lögum um almannatryggingar, er læknisfræðilegt mat á ásigkomulag einstaklings. Fjölgun örorkulífeyrisþega þýðir þar með ekkert annað en að fleiri einstaklingar falla undir þetta læknisfræðilega mat. Orsakir örorku eru órannsakaðar en eitthvað í samfélaginu hefur gert það að verkum að sífellt fleiri einstaklingar missa starfsgetu sína. Í fjármálaáætluninni kemur fram að greina skuli orsakir fjölgunar örorkulífeyrisþega og að sama skapi að finna leiðir til þess að bregðast við fjölguninni. Öll skref í breytingu á kerfi verða að byggja á grunni staðreynda. Á meðan ekki er ljóst hverjar orsakir fjölgunar örorkulífeyrisþega eru, er ótímabært að taka næstu skref til breytingar á matinu.

Ljóst er að upptaka nýs matstækis breytir ekki ásigkomulagi einstaklinga og er einfaldlega ekki lausnin á vandamálinu sem verið er að fást við. Þar með ætti að vera ljóst að upptaka nýs matskerfis, án þess að hafa greint vandann, getur vart orðið hentugasta lausnin við vandamálinu sem menn telja sig standa frammi fyrir.

Samantekið er hægt að lesa hugmyndir ríkisstjórnarinnar svona:

Taka skal upp óljóst og óskilgreint matskerfi, sem leysir ekki þann vanda sem fyrir liggur, án þess að hafa greint orsakir þess vanda sem fyrir liggur.

Í umsögnum ÖBÍ hefur ítrekað verið bent á hvaða skilyrði þurfi að uppfylla áður en innleiðingarferli starfsgetumats getur hafist en þau helstu eru:

- Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur (en hann hefur einungis verið fullgiltur hér á landi).
- Lög sem banna mismunun á vinnumarkaði verði sett. Lögin skulu tryggja viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði og við atvinnuleit með skýrum hætti.
- Sett verði í lög að allt starfsgetumatsferlið og ákvarðanir um greiðslur á grundvelli þess lúti stjórnarsýslulögum.

- Gerðar verði breytingar á almannatryggingum sem tryggja að allir lífeyrisþegar geti framfleytt sér og lifað mannsæmandi lífi þar sem tekið sé tillit til kostnaðar vegna húsnæðis, fæðis, klæðis og þátttöku í samfélaginu.
- Krónu á móti krónu skerðing verði afnumin fyrir alla lífeyrisþega.
- Víxlverkun í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða verði afnumin.

Hvergi er komið inn á ofangreind atriði í fjármálaáætluninni.

Í frumvarpsdrögum sem fram hafa komið var útfærsla starfsgetumats enn of óljós til að raunhæft væri að taka upp nýtt kerfi og mörgum spurningum um veigamikla þætti var ósvarað. Gagnrýni ÖBÍ beindist meðal annars að því að staðið hafi til að innleiða starfsgetumat samhliða þróun þess og að hefja greiðslur samkvæmt starfsgetumati í byrjun árs 2017, en verkefnið hefði þurft mun meiri og vandaðri undirbúning áður en fólki með skerta starfsgetu er vísað í starfsgetumat. Þá var vakin athygli á því að þrepaskipting starfsgetumats var eitt umdeildasta málefni nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar. Með frumvarpsdrögum voru skyldur og skilyrðingar lagðar á einstaklinga með skerta starfsgetu en engar lagðar á vinnuveitendur.

Tillaga að breytingu:

Ef stefna stjórnvalda verður áfram að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats, þá er lagt til að farin verði sú leið sem er útlustuð í skýrslu ÖBÍ *Virkt samfélag: Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess*, sem hægt er að nálgast hér á þessum tengli: <http://www.obi.is/static/files/skiol/pdf-skырslur/skырsla-virkt-samfelag-2016.pdf>

10. Húsnæðismál

Í fjármálaáætluninni⁴⁵ kemur fram að „vaxandi áhyggur eru uppi um stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði, m.a. vegna þess að kaupmáttur þess hefur aukist umtalsvert hægar undanfarin 25 ár á meðan kaupmáttur eldri aldurshópa hefur aukist umtalsvert.“ Staða hjá fjölmörgum örorkulífeyrisþegum er að mörgu leyti svipuð og ekki betri en hjá ungu fólki, eins rakið verður hér.

Kaupmáttaraukning nær engin

Kaupmáttur miðgildis heildartekna örorkulífeyrisþega síðustu ár hefur verið nær engin, sjá nánar á blaðsíðu. 22. Fyrirhugaðar hækkanir lífeyris almannatrygginga aum 3,1% til 4,8% næstu árin, samkvæmt fjármálaáætlunin, þýða að kaupmáttaraukning verður engin hjá örorkulífeyrisþegum. Á sama tíma má vænta þess að húsnæðiskostnaður muni aukast verulega, sérstaklega hjá einstaklingum í leiguhúsnæði. Því er spurt hvernig eigi örorkulífeyrisþegar að geta átt þak yfir höfuðið? Hvernig ætla ráðamenn að sjá til þess að dæmið geti gengið upp?

Örorkulífeyrisþegum í eigin húsnæði fækkar

Staða örorkulífeyrisþega í eigin húsnæði er oft á tíðum einnig mjög erfið, jafnvel þó að greiðslubyrði vegna húsnæðislána sé lægri en leiga. Þröngur fjárhagurinn samhliða því að fá engann opinberan stuðning vegna húsnæðis gerir lágtekjufólki mjög erfitt um vik að halda í eigið húsnæði. Ef við bætist viðhaldskostnaður vegna

⁴⁵ Blaðsíða 27.

húsnæðis getur slíkur aukakostnaður orðið til þess fólk missi húsnæðið. Hlutfall öryrkja og langveikra í eigin húsnæði hefur lækkað síðustu ár. Árið 2008 voru 74% öryrkja og langveikra í eigin húsnæði, en hlutfallið hafði lækkað í 62% árið 2013.⁴⁶

Lágtekjufólk fer á mis við vaxtabætur

Vaxtabótakerfið hefur reynst nauðsynlegt til að koma til móts við tekjulága einstaklinga. Hópur lágtekjufólks, þar með talið örorkulífeyrisþega, hefur á síðustu árum ekki fengið greiddar vaxtabætur þrátt fyrir að greiða af húsnæðislánum. Tekjuskerðing vegna vaxtabóta jókst úr 6% (árið 2010) í 8,5% (árið 2014). Eignastofninn var lækkaður um nær helming árið 2011 og var óbreyttur í fimm ár, en hann var hækkaður lítillega í byrjun árs 2017. Hins vegar hefur fasteignamat almennt hækkað mikið síðustu ár, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.⁴⁷ Hækkunir eignastofna hafa ekki verið neinu samræmi við hækkun fasteignamats og –verðs. Afleiðingin er sú að fækkað hefur mikið í hópi þeirra sem fá greiddar vaxtabætur og á það einnig við um lágtekjufólk. Eigið fé í fasteign skiptir í raun ekki máli ef ráðstöfunarfé stendur ekki undir framfærslu.

Við þessu verður ríkisvaldið að bregðast með markvissum aðgerðum. t.d. með því að hækka eignastofna og draga út tekjuskerðingum.⁴⁸

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að reiknað verði út hversu mikið fasteignamat hefur hækkað frá árinu 2010 og uppfæra eignamörkin í samræmi við þá hækkun.

Hlutfallslega fleiri örorkulífeyrisþegar á leigumarkaði

Á Íslandi hefur löngum ríkt séreignastefna, en tæp 80% landsmanna búa í eigin húsnæði.⁴⁹ Hlutfallið hækkar talsvert með hækkandi aldri, en yfir 80% einstaklinga 35 ára og eldri eru í eigin húsnæði. Yngra fólk og tekjulægri einstaklingar eru líklegri til að vera á leigumarkaði. Jafnvel þó að 58% örorkulífeyrisþega séu 50 ára og eldri þá er húsnæðisstaða meginþorra örorkulífeyrisþega önnur en annarra þjóðfélagsþegna í sama aldurshópi. Örorkulífeyrisþegar eru mun líklegri en fullvinnandi til að búa í leiguhúsnæði. Frá 2009 til 2015 hefur hlutfall langveikra og öryrkja á leigumarkaði hækkað úr 23,6% í 36,9%. Á sama tíma hækkaði hlutfall fullvinnandi á leigumarkaði úr 12,2% í 18,6%.

Mikil hækkun leiguverðs

Rannsóknir hafa sýnt að húsnæðiskostnaður er almennt hærri í leiguhúsnæði en í eigin húsnæði. Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá, sem birtir upplýsingar um þróun vísitölu leiguverðs, hefur meðalleiguverð á hvern fermetra í Reykjavík hækkað um

⁴⁶ Hagstofa Íslands. Einstaklingar á fasteignamarkaði eftir stöðu á vinnumarkaði.

⁴⁷ http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/06/08/fasteignamat_haekkar_um_7_8_prosent/

⁴⁸ Vaxtabætur til einstaklings með 4.000.000 kr. árstekjur, skerðast um 340.000 kr. vegna tekna, sem verður að teljast veruleg tekjuskerðing af ekki hærri tekjum.

⁴⁹ Hagstofa Íslands. Staða á húsnæðismarkaði.

68% frá 2011 til 2016. Miðað er við nafnvirði leigu á hverjum tíma.⁵⁰ Vísitala leiguverðs byggist á leiguverði samkvæmt þinglýstum leigusamningum. Ætla má að meðalleiguverð á höfuðborgarsvæðinu sé nokkuð hærra en þinglýstir samningar gefa til kynna eða um 20-30% hærra. „Vísendingar eru uppi um að þinglýstir leigusamningar endurspeglu ekki það verð sem birtist leigjendum.“⁵¹

Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður

„Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis.“⁵² Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er mun tíðari hjá tekjulágum einstaklingum. Fjöldi örorkulífeyrisþega tilheyrir báðum hópunum, þ.e. að vera tekjulág og að verja háu hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í húsnæðiskostnað. Er hér einnig um að ræða barnafólk.

Húsnæðisbætur

Í lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 er ákvæði um að grunnfjárhæðir, eigna- og tekjumörk eigi að koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Ekki er hægt að sjá í fjármálaætluninni að gert sé ráð fyrir fjármagni til að hækka ofangreind viðmið og fjárhæðir.

Tillaga að breytingu:

Til þess að raunverulega verði komið til móts við efnaminni leigjendur er lagt til að frítekjumark sé ekki lægra en 350.000 kr. og að húsnæðisbætur falli niður við svipaða upphæð og er í fyrrverandi kerfi (við árstekjur 5.850.000 kr. eða 487.500 kr.) fyrir einstakling. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að húsnæðisstuðningur fyrir einstakling falli niður við árstekjur í kringum 7.330.000 kr. (rúmar 610 þús á mánuði). Forgangsraða ætti frekar í þágu þeirra sem þurfa þess með að fá þennan stuðning.

Nær ómögulegt fyrir örorkulífeyrisþega að kaupa eigið húsnæði.

Í fjármálaætluninni segir ennfremur að „þróunin [á húsnæðismarkaði] sé til þess fallin að draga út getu ungs fólks til húsnæðiskaupa og valda því að hlutfall þessa aldurshóps meðal eigenda húsnæðis minnki.“

Þessi þróun á einnig við um marga örorkulífeyrisþega.

Útreikningur á greiðslugetu lántaka fyrir húsnæðislánnum byggir á dæmigerðum neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins. Örorkulífeyrisþegum er ætlað að framfleyta sér á tekjum sem eru langt undir neysluviðmiðum, sem notuð eru til að finna út framfærslukostnað við greiðslumat. Neysluviðmiðin eru án húsnæðiskostnaðar og útgjalda vegna samgagna.

⁵⁰ Viðskiptablaðið var með frétt í september 2017 með yfirskriftinni „Leiguverð hefur hækkað um 53%“ þar sem stuðst er við tölur frá Þjóðskrá. Frá september 2016 til apríl 2017 hækkað vísitala leiguverðs úr 153 í 168,7. <http://www.vb.is/frettir/leiguverd-hefur-haekkad-um-53/131102/>

⁵¹ Leigumarkaðurinn: Staða og horfur. Hagdeild ASÍ, haust 2015.

⁵² Félagsvísar: Byrði húsnæðiskostnaðar 2014. Hagstofu Íslands.

Því kemur ekki á óvart að tekjur meginþorra örorkulífeyrisþega eru ekki nógu háar til að til að standa undir greiðslubyrði af húsnæðislánum.

Örorkulífeyrisþegi með óskertan lífeyrir almannatrygginga, býr einn, fékk synjun um greiðslumat fyrir 23.500.000 kr. íbúð þrátt fyrir að eiga 15.000.000 kr. eigið fé í kjölfar skilnaðar.
Engar skuldir.
Mánaðaleg greiðslubyrði vegna húsnæðislána yrði 55 þús kr. á mánuði.

Örorkulífeyrisþeginn í dæminu getur auk þess ekki sótt um félagslegt leiguhúsnæði eða fengið húsnæðisstuðning þar sem eigið fé er yfir eignmörkum. Hann er því fastur á almenna leigumarkaðnum.

Strangar reglur gilda þegar kemur að greiðslumati fyrir húsnæðislán. Fólki með lágar tekjur er oft í þeirri stöðu að komast ekki í gegnum greiðslumat hjá lánastofnunum en á sama tíma er því ætlað að greiða mun hærra hlutfall ráðstöfunartekna sinna fyrir húsaleigu. Örorkulífeyrisþegar eru oft fastir í „leigugildrunni“. Þeir geta ekki safnað sér fyrir útborgun í fasteign vegna lágra tekna og komast ekki í gegnum greiðslumat. Jafnvel þó þeir eigi fyrir útborgun, þá koma lágar tekjur í veg að þeir standist greiðslumat.

Úrræði til kaupa á húsnæði nýttast ekki öryrkjum

Örorkulífeyrisþega ekki getað nýtt sér úrræði í húsnæðismálum, s.s. að nýta séreignasparnað vegna húsnæðissparnaðar eða –kaupa.

Örorkulífeyrisþegar sem ekki hafa neinar launatekjur hafa ekki þann valkost að geta lagt fyrir, þar sem iðgjald er ekki greitt af lífeyri. Um þriðjungur örorkulífeyrisþega eru með einhverjar launatekjur, sem eru almennt mun lægri en annarra á vinnumarkaði. Miðgildi atvinnutekna örorkulífeyrisþega, þ.e. þeirra sem eru með atvinnutekjur, er tæpar 109 þús. kr. á mánuði.

Örorkulífeyrisþegar hafa mjög lágar fjármagnstekjur. Miðgildi fjármagnstekna örorkulífeyrisþega lækkuðu úr 1.809 kr. árið 2008 í 299 kr. árið 2016, sem bendir til þess að meginþorri örorkulífeyrisþegi lítinn sem engan sparnað.

11. Sveitarfélög og byggðamál

Sjálfstætt líf

Réttur til sjálfstæðs lífs fatlaðs fólks er tryggður með 19. gr. SRFF. Sjálfstætt líf er best tryggt með notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). NPA hefur verið bylting fyrir þjónustunotendur. Þjónustuformið byggir á samstarfsverkefni á milli sveitarfélaga, ríkis og heildarsamtaka fatlaðs fólks, en ekki lagalegum rétti fólks. Afleiðing þess hefur verið sú að fötluðu fólki sem fengið hefur þjónustuna hefur verið tryggt samfélagsþátttaka en öðru fötluðu fólki hefur ekki verið tryggtur sá réttur. Fólki

innan hópsins er m.ö.o mismunað,⁵³ þeim sem ekki fá þjónustuna er haldið eins og föngum heima hjá sér og geta ekki lifað sjálfstæðu lífi.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum um málefni fatlaðs fólks kom fram að velferðarráðuneytið skyldi leggja fram frumvarp þar sem lagt yrði til að þjónustuformið skuli lögfest sem eitt af meginformum þjónustu við fatlað fólk. Reynsla af NPA er jákvæð og bætir lífsgæði fólks til muna. Allir aðilar virðast vera sammála um mikilvægi þess að réttur til NPA skuli lögfestur. Í frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með mikla stuðningsþarfir er lagt til að réttur fólks til NPA verði lögfestur. Þó með þeim fyrirvara að samningar verði á árinu 2018 verði 80 en verði 172 árinu 2022. Fjármálaáætlunin gerir ráð fyrir auknum kostnaði sem þeim nemur ár frá ári. Í raun og veru er ekki verið að tryggja rétt fólks til NPA nema til takmarkaðs hóps fatlaðs fólks, verið er með öðrum orðum að setja kvóta á sjálfstætt líf fatlaðs fólks. Í ræðu ráðherra við fyrstu umræðu frumvarpsins kom fram að hann taldi að vænlegra hefði verið að tryggja réttinn án takmarkana en tryggja yrði ríki og sveitarfélög gagnvart kostnaði sem fylgdi því ef mjög margir sóttu í þjónustuformið. Tekið skal undir orð ráðherra að heppilegra hefði verið að ganga alla leið. Fyrir liggur mat á því að í mesta lagi munu 170 manns sækja í þjónustuformið og því hefði ráðherra, tryði hann á þau orð sem koma fram í fjármálaáætluninni að sjálfsætt líf fólks séu réttur fólks og að NPA tryggði betri lífsgæði fólks þá hefði hann lagt til að upphafsskrefið yrði 170 samningar. Einnig verður að tryggja fötluðu fólki NPA óháð skerðingum eða tímabörf fyrir aðstoð.

Það sem virðist hafa komið í veg fyrir lögfestinguna er að sátt hefur ekki myndast um fjármagn vegna kostnaðar við NPA. Samkvæmt útreikningum sveitarfélaganna virðist sem framlag ríkissjóðs upp á 300 milljónir í jöfnunarsjóð sveitarfélaga samsvari þeim kostnaði sem áætlað er að fjölga þurfi í samningunum.⁵⁴

Félagsleg túlkun er jafnframt lykilatriði til þess að tryggja sjálfstætt líf. Þar verður ríkisvaldið einnig að tryggja nægilegt fjármagn. Sjá umfjöllun í kaflanum „Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig“.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að Alþingi samþykki án tafar lagalegan rétt alls fatlaðs fólks til NPA. Aukafjármagn ríkisins upp á 300 milljónir árlega myndi tryggja lagalegan rétt fólks til NPA.

12. Menntun

Bundið er í lög að nemendur með sérþarfir skulu hafa jöfn tækifæri og jafnan rétt til náms og njóta til þess viðeigandi stuðnings. Jafnframt eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til þess að veita og tryggja sömu þjónustu og réttindi skv. alþjóðasamningum, sbr. 24. gr. SRFF. Dæmi eru um að fötluð börn og börn með

⁵³ <http://www.ruv.is/frett/verdi-ad-logfesta-mpa-thjonustuna>

⁵⁴ Tölurnar byggjast á greiningu sveitarfélaganna: Sjá glæru 6-8

<https://www.velferðarraduneyti.is/media/mpa/Samstarfsverkefnið-um-NPA--ThGTh--nyr-veruleiki-i-velferðarþjonustu---4-loka-.pdf>

sérparfir fá ekki viðeigandi stuðning í námi þrátt fyrir að hann sé lögbundinn. Framboð til náms fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sérparfir á efri skólastigum hefur verið takmarkað og þá hefur aðgengi þeirra að námi og sértækum úrræðum verið af skornum skammti.

Í fjármálaáætluninni segir að áhersla hafi verið á að efla útgáfu námsefnis á táknmáli fyrir grunnskólanemendur. Það er jafnframt mikilvægt að áhersla verði lögð á að útgáfa námsefnis fyrir blinda og sjónskerta verði eflað.

Mikilvægt er að auka menntunarmöguleika fatlaðra barna og ungmenna þannig að allir fá jöfn tækifæri til náms sem hæfir áhugasviði hvers og eins. Slíkt eykur meiri og fjölbreyttari atvinnumöguleika og samfélagslega þátttöku.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að auknum fjármunum verði varið til menntunar fatlaðra barna og ungmenna ásamt börnum og ungmönnum með sérparfir til að þau fá sömu tækifæri til jafns við aðra.

Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Í fjármálaáætlun segir að á síðasta ári hafi hafist vinna við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu með það m.a. að markmiði að skilgreina markhópin betur, skilgreina hugtök tengd fullorðins- og framhaldsfræðslu og tryggja réttindi fatlaðs fólks án þess að fella þau undir þann hluta laga sem snúa að framhaldsfræðslu. Vert er að benda á skyldur sem íslenska ríkið hefur undirgengist en þær snúa að því að ríkið eigi að hafa náið samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra, sbr. 3. mgr. 4. gr. SRFF. ÖBÍ harnar að ekkert samráð hafi verið haft við þessa vinnu, en mikilvægt er að raddir fatlaðs fólks heyrist þegar unnið er að breytingum er varða líf þeirra og gæði. Þá er einmitt mikilvægt að ljóst sé hvar réttindi fatlaðs fólks eru tryggð til fullorðins- og framhaldsfræðslu ef þau eru ekki tryggð í lögum um framhaldsfræðslu.

Undir málaflokkinn falla Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnaskertra (SHH) og Fjölmenn, símenntunarmiðstöð sem þjónar fullorðnum fötluðum á grundvelli samnings við ráðuneyti.

Markmið er varða framhaldsfræðslu og menntun óflokkuð á skólastigi eru bæði óljós og ógagnsæ. Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir 3. m.kr. niðurskurði og er óljóst hvar niðurskurður kemur niður í málaflokknunum. Á sama tíma er markmið og framtíðarsýn málaflokksins fólgin í því að tryggja starfsemi símenntunarmiðstöðva, sem eru 11 talsins, og stuðla að auknum námstækifærum fyrir nemendur 25 ára og eldri. Þá er hvergi getið á um að auka eigi fjárframlög í félagslegan túlkunarsjóð og til rittúlkunar sem fellur undir SHH. Ítrekað hefur verið bent á nauðsyn þess að félagslegur túlkunarsjóður hljóti aukin fjárframlög en slíkt varðar grundvallarhagsmuni þeirra sem nota félagslegan túlkunarsjóð svo þeir geti lifað og starfað í samfélaginu til jafns við aðra. Í þessu samhengi má benda á mikilvægi 9. gr., 21. gr. og 24. gr. SRFF sem fjalla um aðgengi í víðu samhengi, réttinn til tjáningar og skoðanafrelsis og aðgengi að upplýsingum og réttinn til menntunar.

Nú liggur fyrir að ekki sé gert ráð fyrir fjárframlögum til diplómanáms við Myndlistarskóla Reykjavíkur, en námið er ætlað nemendum með þroskahömlum. Í

náminu hafa nemendurnir fengið tækifæri til þess að þroska og nota sköpunargáfu sína og listræna getu til jafns við aðra nemendur í listnámi. Fjölmennt, sem fær fjárframlög frá ríkinu, hefur stutt við námið að hluta, en skv. fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að fjárframlög til málaflokksins lækki um 3. m.kr. Með þessu móti er verið að skerða námsframboð og tækifæri fólks með þroskahömlun til þessarar menntunar og njóta þau því ekki sömu tækifæra til jafns við aðra þegna.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að framlög verði aukin til málefnasviðanna sem að ofan greinir þannig að ríkið sé að uppfylla viðeigandi ákvæði í SRFF og veita fötluðu fólki, börnum og fullorðnum sömu tækifæri til jafns við aðra þegna.

13. Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Atvinnumál fatlaðs fólks er á ábyrgð Vinnumálastofnunar sbr. viljayfirlýsingu velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar annars vegar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga hins vegar um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks.

Meginmarkmið málefnasviðsins er að flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði til að sjá fyrir sér og sínum farborða án tillits til aldurs, búsetu, fötlunar og skertrar starfsgetu. Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi um jafna meðferð á vinnumarkaði sem hefur það markmið að þátttakendum á vinnumarkaði verði ekki mismunað, hvorki beint né óbeint, svo sem á grundvelli fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar lífsskoðunar, kynhneigðar, kynvitundar eða annarra þátta. Markmiðið er jafnframt að koma á og viðhalda jafnri meðferð á vinnumarkaði. Almenn þátttaka á vinnumarkaði er ein meginforsenda þess að koma í veg fyrir fátækt og félagslega einangrun. Til þess að stuðla að virkri þátttöku verður hvatning til þess að sækja atvinnu að vera til staðar. Vinnumarkaðurinn verður að vera undir það búinn að geta tekið á móti einstaklingum með skerta starfsgetu og á móti fötluðu fólki. Viðeigandi aðlögun (e. reasonable accomodation)⁵⁵ til þess að mæta þörfum þessara einstaklinga þarf að vera fyrir hendi. Ekki er nóg að hvetja einstaklinga til þess að fara á atvinnumarkaðinn heldur verður vinnumarkaðurinn að vera móttækilegur og undirbúinn til að mæta mismunandi þörfum og veita viðeigandi stuðning og aðlögun.

Sýnt hefur verið fram á með rannsókn frá október 2016 að atvinnuþátttaka fatlaðs fólks er almennt minni en ófatlaðs fólks og er ástæðan m.a. sú að þeir finni ekki starf við hæfi vegna skerðingar sinnar. Í fjármálaáætluninni er fjallað að lausnin við

⁵⁵ Viðeigandi aðlögun (e. reasonable accomodation) “The concept must be understood as referring to the elimination of the various barriers that hinder the full and effective participation of persons with disabilities in professional life on an equal basis with others”, sjá niðurstöðu Evrópudómstólsins í máli Ring og Skouboe Werge C-335/11 and C-337/11.

Sjá einnig niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Cam gegn Turkey, málsnúmer 51500/08, para 65: „The Court considers that Article 14 of the Convention must be read in the light of the requirements of those texts regarding reasonable accommodation – understood as “necessary and appropriate modification and adjustments not imposing a disproportionate or undue burden, where needed in a particular case” – which persons with disabilities are entitled to expect in order to ensure “the enjoyment or exercise on an equal basis with others of all human rights and fundamental freedoms” (Article 2 of the Convention on the Rights of Persons with Disabilities ...). Such reasonable accommodation helps to correct factual inequalities which are unjustified and therefore amount to discrimination (see para 54 above).

Þessum vanda sé að fjölga vinnusamningum öryrkja. Einnig er fjallað um að Atvinna með stuðningi hafi reynst vel í þeim tilgangi að hvetja fatlað fólk til þátttöku á vinnumarkaði. Í mörgum tilvikum henta vinnusamningar öryrkjum en það á alls ekki við um alla. Í 27. gr. SRFF um atvinnumál segir að aðildarríki viðurkenni rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu en í því felst að réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali sem er þegin á frjálsan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Það er því mikilvægt, ef markmiðið er að hvetja fatlað fólk til þátttöku á vinnumarkaði, að þeim standi til boða vinna við hæfi, að vali einstaklingins og sem tengist menntun og reynslu. Til þess að ofangreind markmið nái fram að ganga þarf hið opinbera og vinnumarkaðurinn að vera tilbúin til að ráða fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu m.t.t. viðeigandi aðlögunar þeirra sem þurfa á að halda.

Þegar talað er um viðeigandi aðlögun þá er meðal annars átt við sveigjanleika í vinnutíma, stuðning á vinnustað og hjálpartæki. Mikilvægt er að ríkið tryggi þætti sem varða viðeigandi aðlögun og kosti að fullu hjálpartæki.

14. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Í fjármálaáætluninni eru ekki lagðar til neinar breytingar á tekjuskatti einstaklinga.

Tillögur að breytingum:

Lagt er til að persónuafsláttur verði hækkaður verulega, til að lækka skattbyrði og þá sérstaklega til að ná til tekjulágra skattgreiðenda. Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið og flækir ekki skattkerfið. Í dag greiða skattgreiðendur tekjuskatt af tekjum yfir 139.833 kr. á mánuði.⁵⁶ Lagt er til að persónuafsláttur verði hækkaður í 74.260 kr. á mánuði frá 1. janúar 2018, þannig að fólk greiði ekki skatt af 200.000 kr. tekjum á mánuði. Enn fremur er lagt til að hækka skattleysismörkin á kjörtímabilinu í 310.000 kr.

Lagt er til að uppbótargreiðslur á lífeyri⁵⁷ og uppbót til hreyfihamlaðra vegna reksturs bifreiða verði undanþegnar skatti enda er um greiðslur að ræða vegna útlagðs kostnaðar eða viðbótarkostnaðar vegna fötlunar eða skerðingar. Núverandi skatthlutfall er 36,94%.

Barnabætur

Barnabætur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lífi barnafjölskyldna og þar á meðal í lífi örorkulífeyrisþega með börn. Tilgangur barnabóta er að tryggja öllum börnum skilyrði til eðlilegs lífs. Í nýlegum rannsóknum hefur komið fram að þúsundir barna á Íslandi lifa við skort. Ríkisvaldið hefur skyldum að gegna gagnvart þessum börnum og verður löggjafinn því að grípa til markvissra aðgerða sem skila árangri í baráttunni gegn fátækt. Almenn hækkun barnabóta gæti verið jákvæð leið til þess að tryggja rétt allra barna.

⁵⁶ Ef tekið er tillit til 4% iðgjalds í lífeyrissjóð er upphæðin 145.659 kr. á mánuði.

⁵⁷ Dæmi um uppbætur á lífeyri vegna útlagðs kostnaðar má nefna: Kaup á heyrnartækjum, lyfjum, rafmagnskostnaður vegna súrefnissíu og umönnun í heimahúsi.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að viðmiðunarfjárhæð fyrir einstæða foreldra hækki í 3.360.000 kr. (280.000 kr. á mánuði) og taki árlegum hækkunum þannig að hún verði ekki undir lágmarkslaunum á hverju sinni. Sambærileg hækkun verði fyrir hjón/sambýlisfólk.

Endurskoðun barnabótakerfisins

Í fjármálaáætluninni segir að hefja eigi heildarendurskoðun á stuðningi við barnafjölskyldur og skoða hvort taka eigi upp eina tegund barnabóta í stað „almennra barnabóta, barnalífeyris almannatrygginga, mæðra- og feðralauna, barnabóta atvinnuleysistryggingakerfisins auk annarra bóta frá ríki til barnafjölskyldna.“⁵⁸ Árið 2009 voru uppi hugmyndir um að innleiða nýtt kerfi „barnatrygginga“ sem átti að taka yfir ofangreindar greiðslur vegna barna. Ef af þeirri innleiðingu hefði orðið, hefði það haft í för með sér að greiðslur til lífeyrisþega vegna barna hefðu lækkað. Lífeyrisþegar voru eini hópurinn sem hefði orðið fyrir skerðingum, ef fyrri hugmyndir hefðu orðið að veruleika. Rík áhersla er lögð á að auknu fjármagni verði varið í nýtt kerfi, ef af því verður, til að tryggja að allir tekjulágir einstaklingar með börn séu betur settir eftir breytinguna.

15. Grunnskrár og upplýsingamál

Í SRFF er lögð sú skylda á að ríki safni saman upplýsingum, sbr. 21. gr. SRFF, til þess að tryggja að stjórnvöld eigi auðveldara með að taka upplýstar ákvarðanir. Þrátt fyrir fullgildingu SRFF er ekki að sjá að fjármálaáætlunin beri þess merki að ríkið ætli sér að uppfylla ofangreindar skyldur.

Einnig verður að hafa hér í huga að réttur til aðgengilegra upplýsinga er tryggður með 21. gr. SRFF. Þar er lykilatriði að efni sé á viðeigandi formi og skiljanlegt.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði tryggt til greiningar á því hvaða úrbætur ríkið þurfi að grípa til í því skyni að uppfylla skuldbindingu sína, sbr. viðeigandi ákvæði SRFF um upplýsingamál. Þar þarf að líta til stofnana líkt og Hagstofu Íslands og Þjóðskrár svo einhverjar séu nefndar.

16. Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

Samkvæmt 27. gr. SRFF er lögð sú skylda á ríkisvaldið að vinna að fjölgun tækifæra fatlaðs fólks til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki. Þrátt fyrir fullgildingu SRFF er ekki að sjá að tekið hafi verið tillit til hans þegar texti fjármálaáætlunarinnar var skrifaður.

Nýsköpunarmiðstöð ætti til að mynda að veita fötluðu fólki viðeigandi aðlögun og aðstoð við umsóknarferli til nýsköpunarverkefna og tengda vinnu.

⁵⁸ Blaðsíða 327.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði tryggt til að íslenska ríkið geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum. Má þar líta sérstaklega til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og annarra aðila sem vinna að frumkvöðlastarfi fatlaðs fólks. Að stofnaður verði sjóður til að veita lán til nýsköpunarverkefna og frumkvöðlastarfsemi fyrir einstaklinga með örorkumat í gildi. Fyrirmyndir að sambærilegum lánasjóðum má m.a. sækja til sjóðs atvinnumála kvenna á vegum velferðaráðuneytis og annarra sem hafa samskonar fyrirkomulag og skilyrði.

Að lokum

Vonast er til að tekið verði tillit til tillagna ÖBÍ við gerð fjárlaga og eða fjáraukalaga. Þá eru þingmenn hvattir til að horfa á þau mál sem eru til umfjöllunar á Alþingi, er varða fjárlög sem og önnur lög, með fötlunargleraugum. Vakin er athygli á því að samfélagið allt, gerð þess, hin ýmsu opinberu kerfi sem og einkageirinn eiga við um fatlað fólk en ekki einvörðungu velferðar- og félagskerfi. Því er mikilvægt að heildarsamtök fatlaðs fólks eigi aðkomu að nefndum og ráðum á vegum allra ráðuneyta, þannig verður að horfa til jafnréttis fatlaðs fólks við skipanir í slíkar nefndir ásamt kynjahlutföllum sem er almennt orðið að venju.

Að lokum vil ég hvetja þingmenn til að leita til ÖBÍ ef málefni þarfnast frekari útskýringa enda erum við ávallt reiðubúin til ráðgjafar og samstarfs um málefni er varða sköpun betra samfélags fyrir alla.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ